



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. ágúst 2025
USK24120106

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 20. ágúst 2025 um eftirfarandi mál:

Borgarlína 1. lota - Ártúnshöfði 2 – Deiliskipulag

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að nýju deiliskipulagi fyrir göturými á Ártúnshöfða 2 en um er að ræða svæði sem verður neðsti hluti Stórhöfða og tengist við Sævarhöfða. Tillagan er hluti af 1. lotu Borgarlínu og afmarkast af gatnamótum Sævarhöfða og Stórhöfða til vesturs, deiliskipulagsmörkum Ártúnshöfða við Elliðaárvog svæðis 1 til austurs og deiliskipulagsmörkum Ártúnshöfða við Elliðaárvog svæðis 2A til norðurs. Til suðurs afmarkast svæðið af lóðamörkum sunnan Stórhöfða og deiliskipulagsmörkum Elliðaárvogs við Ártúnshöfða svæði 2C. Með tilkomu nýs deiliskipulags verður bætt við nýju göturými fyrir Borgarlínu frá Sævarhöfða að Krossamýrartorgi ásamt einni stöð, Sævarhöfða. Hjóla- og göngustígum er bætt við beggja vegna Borgarlínubrauta og þannig er tryggt aðgengi virkra ferðamáta við götuna. Akreinar fyrir almenna bílaumferð verða að mestu leyti einbreiðar, nema við gatnamót Sævarhöfða og Stórhöfða. Þá er grænni ásýnd gatnanna aukin með skilgreindum svæðum fyrir gróður og regnvatnslausnum ofanjarðar, samkvæmt uppdrætti frá Arkís arkitektum, dags. 10. desember 2024, og greinargerð frá Arkís arkitektum, dags. 10. desember 2024, br. 5. ágúst 2025. Tillagan var auglýst frá 23. janúar 2025 til og með 6. mars 2025. Athugasemdir og umsagnir bárust. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2025.

Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2025. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins situr hjá við afgreiðslu málsins.

Vísað til borgarráðs.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja jákvætt að sérakreinum fyrir almenningssamgöngur verði fjölgað án þess að akbrautum fyrir almenna umferð verði fækkað. Fulltrúarnir taka þó undir þau sjónarmið Vegagerðarinnar að óvissa ríki enn um þá fullyrðingu að deiliskipulagið muni hafa jákvæð áhrif á umferðaröryggi og samgöngur, enda hefur slíkt ekki verið staðfest með umferðarmati. Þá taka fulltrúarnir undir áhyggjur Veitna um að þétting byggðar og aukið byggingarmagn á svæðinu kalli á viðeigandi skipulagningu innviða, og mikilvægt verði að lagnakerfið geti þjónað framtíðarþörfum svæðisins án óparfa raskana eða tafa.



Reykjavík



Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið

Fylgiskjöl: uppdrættir frá Arkís arkitektum, dags. 10. desember 2024, greinargerð frá Arkís arkitektum, dags. 10. desember 2024, br. 5. ágúst 2025. innsendar athugasemdir og fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2025.



Reykjavík




REYKJAVÍKURBORG

DEILISKIPLAGSTILLAGA BORGARLÍNU

1. LOTA

ÁRTÚNSHÖFÐI 2



Hluti úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi í samræmi við ákvæði 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

þann _____ 20____ og í

þann _____ 20____.

Tillagan var auglýst frá _____ 20____
með athugasemdafresti til _____ 20____.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í
B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20____.



Reykjavíkurborg



Deiliskipulag Borgarlína Ártúnshöfði 2
Deiliskipulagsuppráttur

Kortagrunnur: LUKR
Mælikvarði: 1:1000_A2
Áfangi: Deiliskipulag
Dagsetning: 10.12.2024
Útgáfa:
Teikning: 1 af 1


Skipulagshöfundar:

ARKÍS
arkitektar

Deiliskipulagshöfundar: ARKÍS arkitektar og LANDSLAG
Verkfræðiráðgjöf: VERKÍS



Deiliskipulagsuppráttur, mkv. 1:1000



SKÝRINGAR:

- Afmörkun deiliskipulagssvæðis
- Heiti stöðva
- Borgarlínustöðvar
- Aðkomusvæði stöðva
- Borgarlínubrautir
- Svigrúm Borgarlínu
- Lega Borgarlínu í aðalskipulagi

- Götur
- Upphækkað yfirborð
- Göngustígur
- Hjólástígur
- Náttúrastígur
- Bílastæði í götu
- Aðkoma neyðarbíla og sorphirðutækja

- Gangbraut, kvöð
- Gróður, leiðbeinandi
- Vatnsrás í götu
- Opið svæði
- Sjór/vatn
- Brú og/eða undirgöng
- Núverandi lóðir, skv. LUKR


- Lóðarmörk
- Byggingarreitur
- Byggingarreitur kjallara og bílarkjallara
- Núverandi byggingar
- Núverandi byggingar, má fjarlægja
- Leiksvæði

DEILISKIPULAG BORGARLÍNU

1. LOTA: Ártúnshöfði 2

Greinargerð

13. Desember 2024



05.08.2025 Skilmálar og uppdættir uppfærðir í kjölfar auglýsingar.

Yfirlit

Um er að ræða tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Borgarlínu um nýtt göturými sem verður neðsti hluti Stórhöfða og tengist við Sævarhöfða. Tillagan er hluti af 1. lotu Borgarlínu og afmarkast af gatnamótum Sævarhöfða og Stórhöfða til vesturs, deiliskipulagsmörkum Ártúnshöfða við Elliðaárvog svæðis 1 til austurs og deiliskipulagsmörkum Ártúnshöfða við Elliðaárvog svæðis 2A til norðurs. Til suðurs afmarkast svæðið af lóðamörkum sunnan Stórhöfða og deiliskipulagsmörkum Elliðaárvogs við Ártúnshöfða svæði 2C.

Tillagan nær yfir fyrirhugaðar breytingar á nýju göturými fyrir Stórhöfða sem eru í samræmi við markmið og stefnu Landsskipulagstefnu, svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040, Aðalskipulag Reykjavíkur – 2040 og Rammahluta Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2040 - Borgarlínan í Reykjavík.

Deiliskipulagstillagan byggir á frumhönnun hönnunarteymis (e. Integrated Design Advisor) 1. lotu Borgarlínu og er unnin í samstarfi við teymið.

Deiliskipulagshöfundar eru Arkís arkitektar og Landslag -. Verkís veiti verkfræðiráðgjöf við vinnslu verkefnisins.

Uppbygging greinargerðar

Skipulagsgreinargerð þessi skiptist í 5 hluta:

Í kaflanum **Almennar upplýsingar og forsendur** er farið yfir grunnatriði deiliskipulagsgerðar.

Í kaflanum **Deiliskipulag Borgarlínu í Reykjavík - almennt** er farið yfir almennar upplýsingar um Borgarlínuna, forsendur og tengingar hennar við aðrar áætlanir. Einnig tilgang og markmið með deiliskipulagi Borgarlínu í Reykjavík.

Í kaflanum **Deiliskipulag Borgarlínu um Sævarhöfða** er farið yfir helstu skipulagsforsendur á deiliskipulagssvæðinu sem um ræðir ásamt megininntaki deiliskipulagsins. Þar eru einnig settir fram skilmálar fyrir hönnun og framkvæmdir á svæðinu.

Í **Samráð** kaflanum er skýrt frá samráði við gerð og þróun deiliskipulagsins.

Í **Fylgiskjal** kaflanum er deiliskipulagsuppdráttur sem þessi greinargerð fylgir.



Gögn deiliskipulagsins

Deiliskipulag þetta er sett fram í eftirtöldum gögnum:

- Greinagerð með skilmálum.
- Skipulagsupprætti í mælikvarða 1:1000 (A1) ásamt sneiðingum í mælikvarða 1:250.

Auk þess ber að taka tillit til eftirfarandi stefna og leiðbeininga sem Reykjavíkurborg hefur gefið út og eru aðgengilegar á heimasíðu Reykjavíkurborgar:

- Gróðurinn í borgarlandinu
- Græna planið
- Hjóla- og bílastæðastefna Reykjavíkurborgar
- Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur
- Loftslagsstefna Reykjavíkurborgar
- Samþykkt um skilti í Reykjavík
- Hönnunarhandbók Elliðaárvogur-Ártúnshöfði

Samþykkt deiliskipulags

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr.

123/2010 var samþykkt í _____

þann _____ 20__ og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.



Efnisyfirlit

Yfirlit	2
Uppbygging greinargerðar.....	2
Gögn deiliskipulagsins	3
Samþykkt deiliskipulags.....	3
Efnisyfirlit.....	4
1. Almennar upplýsingar og forsendur	6
1.1. Hvað er Borgarlína?	6
1.2. Hvað er deiliskipulag?.....	6
1.3. Samband deiliskipulags og aðalskipulags.....	7
1.3.1. Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.....	7
1.3.2. Hvað er rammahluti aðalskipulags?.....	7
1.4. Samband aðalskipulags og svæðisskipulags.....	8
1.4.1. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins	8
1.5. Samband deiliskipulags og umhverfismats	8
1.5.1. Yfirlit yfir vægi áhrifa	8
1.6. Samband deiliskipulags og leyfisveitinga.....	9
1.7. Samband skipulags og hönnunar Borgarlínu.....	10
1.8. Hönnunarferill Borgarlínu	10
1.8.1. Frumdrög.....	10
1.8.2. Forhönnun.....	10
1.8.3. Verkhönnun.....	11
1.9. Hönnunarviðmið Borgarlínu	11
1.9.1. Leiðarljós	11
1.9.2. Algild hönnun	11
1.9.3. Áherslur fyrir hönnun gatna.....	12
1.9.4. Blágrænar ofanvatnslausnir	12
1.9.5. Gróður	13
1.9.6. Hljóðvarnir.....	13
2. Deiliskipulag Borgarlínu í Reykjavík – Almennt	14
2.1. Skipting deiliskipulags Borgarlínu	14
2.2. Skipulagsmörk Borgarlínu.....	14
2.3. Tilgangur og markmið.....	14
2.4. Almennar forsendur Borgarlínu og umhverfismat	15
3. Deiliskipulag Borgarlínu Elliðaársvogs við Ártúnshöfða svæði 2.....	16
3.1. Afmörkun.....	16
3.1.1. Breytt lóðamörk	17
3.2. Staðan í dag og helstu breytingar frá núverandi ástandi.....	18
3.2.1. Landnotkun samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040	19
3.2.2. Núgildandi deiliskipulagsáætlanir	20
3.2.3. Lóðir og/eða mannvirki innan skipulagsmarka	20
3.2.4. Fornleifar og menningarminjar	20
3.3. Sérskilmálar Borgarlínu um Elliðaársvog við Ártúnshöfða svæði 2.....	21
3.3.1. Stöðvar	21
3.3.2. Borgarlínubrautir.....	22



3.3.3.	Göngustígar	22
3.3.4.	Hjólastígar	23
3.3.5.	Göngu- og hjólaþveranir	23
3.3.6.	Gatnamót	23
3.3.7.	Akbrautir.....	24
3.3.8.	Innkeyrslur.....	24
3.3.9.	Aðkoma neyðarbíla og sorphirðutækja	24
3.3.10.	Bílastæði.....	24
3.3.11.	Hjólastæði	24
3.3.12.	Svigrúm.....	24
3.3.13.	Opin svæði.....	25
3.3.14.	Gróður	25
3.3.15.	Torgsvæði - Borgarlínutorg	25
3.3.16.	Brú	25
4.	Samráð.....	26
4.1.1.	Kynning lýsingar	26
4.2.	Hvernig getur þú komið athugasemdum að?	26
4.2.1.	Umsagnaraðilar	26
5.	Fylgiskjal.....	27
5.1.	Meðfylgjandi deiliskipulagsuppdráttur.....	27
5.2.	Aðliggjandi deiliskipulagsáætlun (Skýringaruppdráttur)	28

1. Almennar upplýsingar og forsendur

1.1. Hvað er Borgarlína?


Borgarlínan er nýtt samgöngukerfi sem verður hryggjarstykkið í þróun höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040 og lykilverkefni í samgöngum á svæðinu. Meginmarkmið Borgarlínu er að bjóða upp á betri þjónustu almenningssamgangna en áður þekkt hér á landi.

Borgarlínan, hágæðakerfi almenningssamgangna, er samvinnuverkefni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðarinnar. Ákvörðun um Borgarlínuna byggir á samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040, samgönguáætlun 2020–2034 og aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Jafnframt fellur hún að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, viljayfirlýsingu um að beina fjármagni í sjálfbæra uppbyggingu, Landsskipulagsstefnu og stefnum í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Borgarlínan verður BRT kerfi (Bus rapid transit) sem er hágæða almenningssamgöngukerfi þar sem áætlað er að notast verði við umhverfisvænni orkugjafa. Vagnarnir stuðla því að minni losun koltvísýrings og minni staðbundinni loftmengun.

Hugmyndafræðin á bakvið BRT kerfi grundvallast af því að hugsa um hátíðni lestarkerfi í formi strætisvagna. Þá sé kerfið byggt upp þannig að vagnarnir komist óhindrað á milli stöðva og nái því að halda tíðni í samanburði við hátíðni lestarkerfis.

Meginmarkmið BRT kerfis er að byggja upp samgönguinnviði á forsendum hágæða almenningssamgangna með aukna afkastagetu. Það er gert með því að byggja upp innviði þar sem fjöldaflutningar (mass transit) njóta forgangs frá almennri bílaumferð. Þannig er innviðum og almannarýminu forgangsraðað svo að sem flestir geti notað þá á sama tíma.



Mynd 1:1. Afkastgeta mismunandi ferðamáta á klukkutímanum í 3.5 m breiðu göturými. Heimild: Frumdrög Borgarlínu

1.2. Hvað er deiliskipulag?

Deiliskipulag skal gert á grundvelli aðalskipulags fyrir einstök svæði eða reiti þar sem fyrirhuguð er mannvirkjagerð, s.s. íbúðar- og atvinnusvæði, íþróttar- og útivistarsvæði, gatnamannvirki, hafnarmannvirki og eftir atvikum efnistökusvæði, hljóðmanir, snjóflóðavarnir o.fl. Í deiliskipulagi er kveðið á um byggðamynstur, húsagerðir, landmótun, starfsemi, lóðamörk o.fl., og á það við bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Í deiliskipulagi eru settir fram skipulagsskilmálar um mótun byggðar og umhverfis, svo sem um stærðir, staðsetningu og notkun húsa. Einnig eru settir fram skilmálar um yfirbragð byggðar, svo sem um

útfærslu og hönnun bygginga og efnisnotkun. Þá eru í deiliskipulagi sett ákvæði um lóðir og almannarými eins og götur, torg, leiksvæði og almenningsgarða.

Skilmálar deiliskipulags eru lagalega bindandi hluti deiliskipulagsins. Skilmálar eru ákveðnir í samræmi við lög, staðhætti og forsendur skipulags. Þar sem skilmálar eru lagalega bindandi fyrir eigendur og notendur svæðis má ekki setja skilyrði sem eru andstæð markmiði og tilgangi deiliskipulags. Í einstaka tilfellum er heimilt að veita undanþágu frá skilmálum deiliskipulags ef undanþágan brýtur ekki í bága við grundvallarreglur deiliskipulagsins.

Deiliskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

1.3. Samband deiliskipulags og aðalskipulags

Deiliskipulag þarf ávallt að vera í samræmi við aðalskipulag. Aðalskipulag er skipulagsáætlun sem nær til alls lands sveitarfélags. Í aðalskipulagi er sett fram stefna og ákvarðanir sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar. Stefna sem sett er fram í aðalskipulagi er útfærð nánar í deiliskipulagi fyrir einstök hverfi eða reiti, eins og kemur fram hér að ofan.

1.3.1. Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 eru sett fram markmið um vistvænar samgöngur, almenningssamgöngur, biðstöðvar, hjóleiðar og gangandi, byggðaþróun og samgöngur og gæði byggðar. Auk þess eru í aðalskipulaginu 2040 almenn viðmið um hámarksþéttleika íbúðarbyggðar og blandaðrar byggðar eftir staðsetningu í borginni, annars vegar vegna nálægðar við almenningssamgöngur og hins vegar vegna nálægðar við fjölbreytta atvinnukjarna.

Framtíðar uppbyggingu í Reykjavík er beint að og forgangsraðað meðfram þróunarás, línulegri tengingu flestra þróunarreita í borginni. Hugmyndin er að þróunarásinn verði smám saman heildstæð breiðgata sem liggur eftir endilöngu Nesinu, nokkurs konar línuleg miðborg. Þétt blönduð byggð hverfist um ásinna í þægilegri göngufjarlægð frá biðstöðvum almenningssamgangna. Sambærilegur þróunarás á síðan að liggja til suðurs frá miðborginni um framtíðarbyggð í Vatnsmýrinni og yfir á Kársnes í Kópavogi. Fyrsta lota Borgarlínu, frá Ártúnshöfða að Hamraborg, tekur mið af umræddum þróunarás.

>> Sjá nánar um markmið og stefnu í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040

1.3.2. Hvað er rammahluti aðalskipulags?

Vegna eðlis Borgarlínuverkefnisins var talið ákjósanlegt að móta sérstakan skipulagsramma utan um það. Rammahluti aðalskipulags er nánari útfærsla aðalskipulags og hugsa má rammahlutann sem viðbótarkafli við aðalskipulagið.

Í rammahlutanum eru sameiginlegar forsendur og viðmið fyrir framkvæmdina í heild ásamt því að lögð er fram stefna um legu Borgarlínunnar, staðsetningu kjarnastöðva, og forgang og skipulag göturýmis. Jafnframt eru kynnt þau viðmið sem líta ber til við útfærslu Borgarlínunnar, hvort sem er í deiliskipulagi göturýmis eða hönnun innviða Borgarlínunnar.

Rammahlutinn mun gefa bindandi fyrirmæli um legu fyrstu lotu Borgarlínunnar og staðsetningu kjarnastöðva. Rammahlutinn gefur jafnframt leiðbeinandi viðmið sem eru lögð til grundvallar hönnun og deiliskipulagi. Í hönnunarleiðbeiningunum er svigrúm til að móta Borgarlínuna að þörfum, rými og ásýnd umhverfisins.

Gert er ráð fyrir að rammahluti aðalskipulags stækki og breytist í samræmi við framvindu Borgarlínuverkefnisins, þ.e. með næstu lotum. Í Reykjavík verður því í gildi rammahluti fyrir allar lotur Borgarlínunnar í borginni þegar hún verður fullbyggð.

>> Sjá Rammahluta Aðalskipulags Reykjavíkur 2040: Fyrsta lota Borgarlínu: Ártún – Fossvogsbrú

1.4. Samband aðalskipulags og svæðisskipulags

Svæðisskipulag er landnotkunaráætlun fyrir allt land tveggja eða fleiri sveitarfélaga til að samræma stefnu sveitarstjórnanna um þróun byggðar og landnotkunar á minnst 12 ára tímabili. Sveitarfélög útfæra stefnu úr svæðisskipulagi fyrir sitt leyti í gegnum aðalskipulag.

1.4.1. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Megináhersla svæðisskipulags er að sveitarfélögin beini uppbyggingu í miðkjarna og önnur miðlæg svæði sem teljast samgöngumiðuð. Á samgöngumiðuðum svæðum eru hágæða-almenningsamgöngur þar sem er hátt þjónustustig almenningsamgangna, þ.e. 10 ferðir eða fleiri á klst. Borgarlínan verður hryggjarstykkið í kerfi hágæða-almenningsamgangna þegar fram í sækir. Áætlað er að meðfram henni verði þétt uppbyggingin, svokölluð samgöngumiðuð uppbygging.

1.5. Samband deiliskipulags og umhverfismats

Umhverfisáhrif 1. lotu Borgarlínu á umhverfi og samfélag eru metin heildrænd í umhverfismatsskýrslunni *BORGARLÍNA-LOTA 1. ÁRTÚNSHÖFÐI-HAMRABORG*. Þar er fjallað um líkleg umhverfisáhrif 1. lotu, allt frá Ártúnshöfða í Reykjavík að Hamraborg í Kópavogi. Einnig eru ákveðin svæði, sem talin eru verða fyrir meiri áhrifum, skoðuð sérstaklega. Sérstakar rannsóknir og útreikningar eru gerðir til að meta umhverfisáhrifin.

Tilgangur umhverfismats Borgarlínu er að undirbúa framkvæmdina eins vel og kostur er, sem felst m.a. í að stuðla að jákvæðum áhrifum á umhverfi og samfélag, og draga úr þeim neikvæðu.

1.5.1. Yfirlit yfir vægi áhrifa

Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir heildaráhrif Borgarlínunnar byggt á niðurstöðum umhverfismats. Tilkoma Borgarlínu styrkir borgarþróun með þéttingu byggðar og hefur þannig jákvæð áhrif á borgarumhverfi, loftgæði, loftslag, samgöngur og umferðaröryggi, lýðheilsu og félagshagfræðilega þætti. Á framkvæmdatíma verða tímabundin áhrif á íbúa og atvinnustarfsemi sem liggja við leiðir og nálægt þeim, þangað sem umferð beinist og því er mikilvægt að allir séu vel upplýstir um gang mála. Uppbygging Borgarlínu mun valda raski í göturými en talið er að unnt verði að draga úr og lágmarka áhrifin á hönnunarstigi.



Umhverfispáttur			Vægi áhrifa
Samgöngur og umferðaröryggi			Talsvert jákvæð
Loftslag			Talsvert jákvæð
Hljóðvist			Nokkuð neikvæð
Loftgæði			Nokkuð jákvæð
Ásýnd			Talsvert jákvæð
Jarðfræði og vatnafar	Jarðmyndanir		Nokkuð neikvæð
	Vatnafar		Nokkuð neikvæð
Lífriki	Gróðurfar		Nokkuð neikvæð
	Fuglar		Nokkuð neikvæð
	Vatnalíf		Óveruleg
Landnýting og þróun borgar			Talsvert jákvæð
Menningarminjar			Nokkuð neikvæð
Samfélag og félagshagfræðilegir þættir	Lýðheilsa	Framkvæmdatími	Nokkuð neikvæð
		Rekstrartími	Talsvert jákvæð
	Félagshagfræði		Talsvert jákvæð

>> Sjá nánar í umhverfismatsskýrslu Borgarlínu-Lotu 1: Ártúnshöfði-Hamraborg

1.6. Samband deiliskipulags og leyfisveitinga


Byggingaframkvæmdir skulu vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag. Almenna reglan er því að byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi séu veitt á grundvelli deiliskipulags. Þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdarleyfi þarf að sýna fram á samræmi við deiliskipulag.

Þó er unnt að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags án deiliskipulagsgerðar eða grenndarkynningar, ef gerð er grein fyrir framkvæmdinni og fjallað ítarlega um hana í aðalskipulaginu. Í þeim tilvikum, sem veiting framkvæmdaleyfis kallar á gerð deiliskipulags, getur sveitarstjórn þó veitt framkvæmdaleyfi án skipulagsgerðar að undangenginni grenndarkynningu sé framkvæmdin í samræmi við aðalskipulag hvað varðar landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar.

Í undantekningartilfellum getur sveitarstjórn einnig, að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar, veitt byggingarleyfi til bráðabirgða, án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag. Í þegar byggðum hverfum er heimild, að undangenginni grenndarkynningu, að veita byggingarleyfi þó ekki sé fyrir hendi samþykkt deiliskipulag. Skilyrði er að ekki sé vikið frá notkun, nýtingarhlutfalli og yfirbragði hverfisins í verulegum atriðum.

1.7. Samband skipulags og hönnunar Borgarlínu

Til að koma verkefni eins og Borgarlínu frá hugmynd í framkvæmd þarf bæði að fara í gegnum feril skipulags og hönnunar. Samhliða þeim ferlum eru umhverfisáhrifin metin. Megin tilgangur deiliskipulags Borgarlínu er að innleiða Borgarlínu inn í deiliskipulag í samræmi við frumhönnun, rammahluta aðalskipulag og umhverfismat. **Mynd 1:2** sýnir samband skipulags, hönnunar og umhverfismats Borgarlínu.



Mynd 1:2 Samband skipulags, hönnunar og umhverfismats Borgarlínu.

1.8. Hönnunarferill Borgarlínu

Hönnunarferill Borgarlínu er skipt í þrjú megin skref: frumdrög (*conceptual design*), forhönnun (*preliminary design*) og verkhönnun (*detail design*). Fyrsta skrefið, frumdrögin, leggja fram grunn hugmyndafræðina sem síðan er útfærð nánar og staðfærð með aukinni nákvæmni í hverju skrefi. Lokaskrefið, verkhönnun, miðar að því að útbúa verkeikningar fyrir framkvæmdir.

1.8.1. Frumdrög

Framdragaskýrsla Borgarlínu kom út í febrúar 2021. Í frumdragaskýrslu að fyrstu lotu Borgarlínunnar voru lagðar fram fyrstu heildstæðu tillögurnar að útfærslu borgarlínuframkvæmda, frá Ártúnshöfða að Hamraborg. Tillögurnar lögðu grunninn að frekari hönnunarvinnu, meðal annars líklegar staðsetningar stöðva og legu Borgarlínu.

1.8.2. Forhönnun

Forhönnun er næsta skrefið í hönnun Borgarlínu. Þar er verið að útfæra nánar þær hugmyndir sem koma fram í frumdragaskýrslunni, og velja hvaða valkosti er unnið með áfram. Þannig eru stöðvar og lega Borgarlínu-brauta (sérrýmið) staðsettar frekar í kjölfar greininga og mælinga. Einnig er hafist handa við hönnun gatnamóta og forgangsroðun ferðamáta. Hönnun stöðva, stærð og umfang er skilgreind frekar í samræmi við umhverfi sitt hverju sinni. Samhliða forhönnun er unnið að umhverfismati.

1.8.3. Verkhönnun

Lokaskrefið er verkhönnun Borgarlínu þar sem öll smáatriði eru skoðuð á teikniborðinu og verkefnið hannað niður í smáatriði. Þannig verður til sett verkeikninga sem framkvæmdaraðilar geta unnið eftir. Áður en leyfi til framkvæmda verður veitt þurfa verkeikningar að liggja fyrir og samþykkt deiliskipulag.

1.9. Hönnunarviðmið Borgarlínu

Eftirfarandi leiðarljós og hönnunarviðmið byggja á frumdrögum Borgarlínunnar, gögnum frá hönnunarteymi Borgarlínunnar og deiliskipulagshóps Reykjavíkurborgar.

1.9.1. Leiðarljós

Borgarland Reykjavíkur á að bera með sér gæði og góða endingu, skapa öryggi og gott aðgengi allra vegfarenda. Mikilvægt er að umhverfið skapi sterka tilfinningu fyrir því hvar viðkomandi er staddur og sé því auðlæsiglegt. Þessu má ná fram með þremur meginviðmiðum: mannlegur skali, kennileiti Borgarlínu og stutt við staðbundin sérkenni.

Mannlegur skali:

- Lýsing við stíga, þveranir og stöðvar taki mið af mannlegum skala sem er hæð manneskjunnar
- Notast sé við tré og gróður til skjól- og rýmismyndunar
- Yfirborðsfrágangur og efnisval í mannlegum skala
- Götubveranir og stígatengingar eru á forsendum gangandi vegfarenda

Kennileiti Borgarlínu:

- Samræmd notkun yfirborðsefna og frágangslausna, við borgarlínubrautir, stíga og stöðvar
- Samræmd hönnun og notkun lýsingar meðfram borgarlínubrautum og stöðvum
- Samræmd hönnun stöðva og götugagna á brautarpöllum (s.s. skýli og bekkir)

Stutt við staðbundin sérkenni

- Plöntuval í samræmi við nærumhverfi
- Blágrænar ofanvatnslausnir og rennsli ofanjarðar í samræmi við nærumhverfi
- Tekið sé á hæðarmismun og aðlögun nýrra innviða að nærumhverfi

1.9.2. Algild hönnun


Við hönnun Borgarlínunnar skal notast við leiðbeiningarnar *Hönnun fyrir alla, algild hönnun utandyra* og kröfum fylgt, nema í algjörum undantekningum, og skal þá sérstaklega tilgreina það og rökstuddar ástæður þess. Á stöðvum Borgarlínunnar þarf m.a. að tryggja að:

- Landhalla stöðvarpalls og niðurtekt séu samkvæmt viðmiðum
- Á stöðvum séu bekkir með bak- og armstuðningi
- Til hliðar við bekki sé autt athafnasvæði fyrir hjólastóla og barnavagna og að biðskýli séu upplýst
- Leiðalínur séu á stöðvum og að þær tengist aðliggjandi stígakerfi
- Hugað sé að staðsetningu götugagna og útfærslu þeirra á stöðvum, og meðfram Borgarlínunni
- Upplýsingum sé komið til vegfarenda á skýran hátt, svo sem með því að hafa skýran mun á texta og bakgrunni skiltis, og að ekki séu notaðir einungis hástafir eða letur sem erfitt er að lesa

1.9.3. Áherslur fyrir hönnun gatna

Götur eru almannarými. Hönnun gatna skal miða að því að skapa vistleg, örugg og lifandi göturými þar sem gert er ráð fyrir umferð gangandi og hjólandi, sem hafa forgang fram yfir aðra ferðamáta. Göturýmið nær til göngu- og hjólastíga beggja vegna götu, bílastæða við götur, umferðareyja og ofanvatnsrásar. Taka skal mið af aðgengi fyrir alla við hönnun göturýmanna.

Með því að forgangsraða göturýminu til gangandi vegfarenda er verið að svara ólíkum þörfum ferðamáta eftir hraða. Þar sem gangandi fara hægar yfir þarf að huga að sem flestum styttingum leiða og tengingum fyrir þau. Þá er plássþörf gangandi vegfarenda minni en annarra ferðamáta. Miðað er við að eftirfarandi forgangs röðun ferðamáta:



Mynd 1:3 Forgangs röðun ferðamáta. Úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

Miklu skiptir að vanda til efnisvals í göturýmum. Yfirborðsefni séu í senn aðlaðandi og endingargóð og gefi skilaboð um forgang gangandi og hjólandi vegfarenda. Þveranir hjólandi við gatnamót séu alltaf í plani og þegar hjólað er yfir þvergötu skal hjólaleiðin liggja fyrir framan stöðvunarlínu fyrir þvergötuna.

1.9.4. Blágrænar ofanvatnslausnir

Með hliðsjón af nálægð við Elliðaár er mikilvægt að allar blágrænar ofanvatnslausnir verði hannaðar og útfærðar með það að markmiði að tryggja að ofanvatn hafi ekki neikvæð áhrif á vatnsgæði árinna. Blágrænar ofanvatnsrásir, sem taka við ofanvatni frá götum, gangstéttum og bílastæðum, skulu tengjast kerfi sem fer sérstaklega varlega með mögulega mengun og tryggir að ofanvatn sem fer í ána sé hreinsað og útfært þannig að það hefur ekki áhrif á vatnsgæði.

Einnig skal hugað að því að tengja blágrænar ofanvatnslausnir við kerfi sem er sérstaklega hannað til að leiða ofanvatn frá svæðinu í kerfi sem er öruggt fyrir náttúruauðlindir og vatnsgæði, með sérstakri áherslu á Elliðaá. Sérstök athygli skal einnig veitt því að ofanvatn sem safnast á svæðinu verði fyrst og fremst nýtt til að hlaða upp grunnvatni innan svæðisins áður en það er leitt burt með öruggum hætti.

1.9.5. Gróður

Græn svæði eru ómissandi hluti af ásýnd Borgarlínunnar. Skilmálum deiliskipulags er ætlað að viðhalda og styrkja þess ásýnd. Gróður skal nota markvisst til rýmis- og skjólmyndunar, til yndisauka, árstíðarupplifunar og til að auka fjölbreytni vistkerfisins.

Markmiðið er að skapa gróðursæla ásýnd meðfram Borgarlínu.

- Gróðursetning á að vera óaðskiljanlegur hluti af hönnun borgarrýmis.
- Gróðursetja skal eins og kostur er tré meðfram vegum eða í nálægð við Borgarlínubrautir.
- Aðrar gróðurlausnir geta verið á skýlum stöðvanna eða á aðliggjandi framhliðum bygginga.
- Á svæðum í kringum stöðvar skal samþætta gróðursetningu við uppbyggingu.
- Núverandi tré og gróður skal varðveita eins og kostur er.
- Við skipulag og framkvæmd skal lágmarka fellingu á gróðri. Þar sem ekki er hægt að koma í veg fyrir að gróður sé felldur skal gróðursetja í staðinn í næsta nágrenni, ýmist innan deiliskipulagssvæðis eða á aðliggjandi svæðum eftir samkomulagi við viðkomandi lóðarhafa.
- Velja skal plöntur út frá heildrænu sjónarmiði t.d. samspil við núverandi gróður, jarðveg og loftslag.
- Gróðursetja skal fjölbreyttar tegundir runna og plantna sem eru mismunandi að hæð og gerð. Einnig skal huga að fjölbreytileika í lauf- og blómskrúði eftir árstíðum.
- Innlendur trjá- og runnagróður skal vera ráðandi t.d. birki, reynir og víðir, auk annarra blómstrandi tegunda sem blómstra lengi s.s. sýrena, mispill sem m.a. býflugur sækja í.
- Gefa skal ofanvatnsrásum sem náttúrulegast yfirbragð með gróðursetningu og hanna þannig að þær þurfi sem minnsta umhirðu.
- Nýta skal trjágróður og runna til að draga úr vindhraða og búa til sólrík og skjólgóð svæði m.a. við bekkir og aðra áningarstaði.

1.9.6. Hljóðvarnir

Viðmiðunarreglur um meðferð við hávaða eru lagðar fram í svæðisskipulagi hvað varðar aðgerðir gegn hávaða. Hávaða frá núverandi hávaðagjöfum skal taka með í matið sem og mótvægisáðgerðir.

Þar sem heildarhljóðstig frá umferð er yfir ráðlögðum hávaðamörkum sem gefin eru upp í svæðisskipulagi skal gera ráð fyrir mótvægisáðgerðum.

2. Deiliskipulag Borgarlínu í Reykjavík – Almennt

Deiliskipulag Borgarlínu er útfært á grundvelli þeirrar stefnu sem sett er fram í Svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins, Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 og Rammahluta Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 - Borgarlínan í Reykjavík:1.lota Borgarlínunnar. Deiliskipulagið byggir á gögnum úr forhönnun Borgarlínu frá hönnunarteymi.

Í deiliskipulaginu er kveðið meðal annars á um staðsetningu og umfang sérrýmis Borgarlínu, stöðva, göngu- og hjólastíga, almennra akbrauta, gróðurs o.fl.

2.1. Skipting deiliskipulags Borgarlínu

Deiliskipulag Borgarlínu í Reykjavík er skipt niður í nokkra hluta þar sem leiðin liggur um mörg ólík svæði, hverfi og ólíkar deiliskipulagsáætlanir. Því verður deiliskipulag Borgarlínu í Reykjavík sett fram í nokkrum deiliskipulagsáætlunum auk þess að gera þarf breytingar á aðliggjandi skipulagsáætlunum til að gæta samræmis og koma í veg fyrir skörun skipulagssvæða.

Til að fá heildarmynd á hvernig 1. lotu Borgarlínu er skipt niður í nokkrar deiliskipulagsáætlanir fylgir yfirlitskort með hverju deiliskipulagi.

2.2. Skipulagsmörk Borgarlínu

Alla jafna liggja skipulagsmörk deiliskipulags Borgarlínu við lóðamörk meðfram göturýminu. Meginmarkmiðið er að deiliskipulagið nái almennt yfir borgarland (þar með talið götur), almannarýmið, og skiptingu þess. Undantekningar eru á þessari meginreglu t.d. þegar lóðamörkum er breytt, en fjallað er sérstaklega um afmörkun þessa deiliskipulags í [kafla 3.1](#).

Mikilvægast er að deiliskipulagssvæði myndi heildstæða einingu þar sem sett er fram heildstæð áætlun um rými undir almenna umferð, sérrými og stöðvar almenningssamgangna; hjólastíga; göngustíga; brýr; undirgöng og þá innviði sem tengjast samgöngum á hverju svæði.

2.3. Tilgangur og markmið

Tilgangur deiliskipulags Borgarlínu er að innleiða Borgarlínu inn í deiliskipulag í samræmi við frumhönnun, rammahluta aðalskipulags og umhverfismat. Er það gert með því að:

- staðsetja sérrými og aðstöðu fyrir Borgarlínu
- staðsetja biðstöðvar, aðkomusvæði og nærumhverfi þeirra
- staðsetja hjólastíga meðfram sérrými Borgarlínu
- staðsetja svigrúm fyrir gróður, safnrásir regnvatns og götugögn
- bæta aðkomu hjólandi og gangandi vegfarenda
- huga að viðeigandi aðlögun borgarrýmisins
- setja fram megin hönnunarreglur
- samræma deiliskipulag við hönnun Borgarlínu

Markmiðið er að koma innviðum Borgarlínu fyrir í almannarýminu í sem mestri sátt við nærumhverfi sitt og hægt er.



2.4. Almennar forsendur Borgarlínu og umhverfismat

Eins og áður hefur komið fram þá byggja áætlanir um Borgarlínuna á samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040, samgönguáætlun 2020-2034 og aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagmálum. Að auki er það tilgangur deiliskipulags Borgarlínu að innleiða Borgarlínu í samræmi við frumhönnun, rammahluta aðalskipulags og umhverfismat.

Farið er yfir samhengi þessara skjala í kaflanum hér á undan, en einnig má finna nákvæma yfirferð á forsendum Borgarlínu í 3. kafla umhverfismatsskýrslunni BORGARLÍNA-LOTA 1. ÁRTÚNSHÖFÐI-HAMRABORG. Þar er einnig að finna nánari upplýsingar um umhverfisáhrif Borgarlínu og því ekki fjallað frekar um þau hér.

3. Deiliskipulag Borgarlínu Elliðaárvogs við Ártúnshöfða svæði 2


Hér er sett fram deiliskipulagstillaga fyrir 1. lotu Borgarlínu Elliðaárvogs við Ártúnshöfða svæðis 2 frá Sævarhöfða upp Stórhöfða að Ártúnshöfða. Skipulagssvæðið er í eigu Reykjavíkurborgar.

Til vesturs tengis skipulagssvæðið fyrirhuguðu deiliskipulagi Geirsnefs. Til austurs tengist skipulagssvæðið deiliskipulagi Elliðaárvogs við Ártúnshöfða, svæði 1.

Heiti deiliskipulags	Lengd (m)	Stöðvar	Afmörkun
Deiliskipulag Borgarlínu: Ártúnshöfði 2	487	Sævarhöfði	Frá gatnamótum Sævarhöfða og Stórhöfða að skipulagsmörkum Elliðaárvogs við Ártúnshöfða, svæði 1

3.1. Afmörkun

Skipulagssvæði deiliskipulags fyrir Ártúnshöfða 2, afmarkast af Elliðaám og Sævarhöfða til vesturs, deiliskipulagsmörkum fyrir Elliðaárvog við Ártúnshöfða - svæði 2A til norðurs, deiliskipulagsmörkum Elliðaárvogs við Ártúnshöfða svæði 1 til austurs og lóðarmörkum Malarhöfða 10 til suðurs. Samhliða þessari tillögu er gerð breyting á lóðarmörkum Malarhöfði 10 og Þórðarhöfða 4 til að samræma skipulagsmörk.



Mynd 3:1 Mörk deiliskipulagssvæðis séð ofan á loftmynd ásamt aðliggjandi deiliskipulagsáætlunum.


3.1.1. Breytt lóðamörk

Lóðamörk eru sýnd á deiliskipulagsupprætti, bæði núverandi og breytt lóðamörk. Breyta þarf lóðamörkum Malarhöfða 10 og Þórðarhöfða 4 vegna breytinga. Núverandi lóðamörk ná inn á skipulagssvæðið en með breyttum lóðamörkum verða lóðamörk utan skipulagsmarka.

Lóð	Stærð lóðar FYRIR	Stærð lóðar EFTIR
Malarhöfði 10	52.206 m ²	51.576 m ²
Þórðarhöfði 4	34.833 m ²	33.274 m ²



Mynd 3:2 Brottfelld lóðamörk við Malarhöfða 10.



Mynd 3:3 Brottfelld lóðamörk á Malarhöfða 10.

3.2. Staðan í dag og helstu breytingar frá núverandi ástandi

Fyrir liggur rammaskipulag Elliðaárvogs – Ártúnshöfða um uppbyggingu og þróun svæðisins sem byggjast upp í áföngum en svæðið tilheyrir svæði 2 samkvæmt rammaskipulagi. Svæði 2 afmarkast af núverandi Ártúnshöfða til austurs, Elliðaám til vesturs og athafnasvæði steypustöðvar til suðurs. Til norðurs snýr svæðið til sjávar. Síðustu áratugi hafa verið athafnasvæði og iðnaðarstarfsemi á svæðinu. Stærstu lóðir innan svæðisins hafa verið nýttar fyrir starfsemi malbikunarstöðvar og sendibílastöðvar auk þess sem Sorpa rekur endurvinnslustöð á svæðinu. Ýmiskonar mannvirki fyrir atvinnustarfssemi sem byggðust upp um miðbik síðustu aldar. Gert er ráð fyrir að öll þau mannvirki víki samhliða uppbyggingu á skipulagssvæðunum.



Mynd 3:4 Áætluð áfangaskiptin uppbyggingar og þróun byggðar á Ártúnshöfða og við Elliðaárvog, mynd unnin af Landslagi.

Landslag á Ártúnshöfða mótast af gömlum malarnámum sem skiptir hverfinu í tvö megin svæði sem aðgreind eru af háum klettastalli sem rís hæst í um 24 m hæð yfir sjávarmáli, byggðina uppi á höfðanum og byggðina niðri við Elliðaárvoginn. Elliðaárvogur er land þar sem áður var strandlína og sjór og landfylling sem hefur byggst upp í áföngum. Sævarhöfði liggur í gegnum svæðið norður-suður og er gatan malbikuð. Yfirborð lands er að mestu þakið grasi og lágróðri vestan Sævarhöfða, en austan Sævarhöfða er yfirborð ýmist malarhauga, malbik eða malarplön og götur. Á Ártúnshöfða eru Breiðhöfði og Stórhöfði fyrirbyggjandi megin götur auk þess sem Svarthöfði tengir skipulagssvæðið við Bryggjuhverfis til norðurs.

Í dag er svæðið fremur grátt, en samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er stefnt að því að þar byggist upp þétt og blandað borgarhverfi þar sem mikill fjöldi fólks býr, starfar og sækir til. Samhliða þessari umbreytingu mun rýmisfrek starfsemi flytjast af svæðinu. Borgarlínan gegnir lykilhlutverki í uppbyggingu svæðisins og stuðlar að því að þessi ný borgarhluti geti að mestu leyti reitt sig á vistvænar samgöngur. Þegar fram í sækir má reikna með að allt að 15.000 manns muni búa í þessu nýja hverfi og áfram verður þar mikil og fjölbreytt atvinnustarfsemi. Því skipta öflugar almenningssamgöngur og góðar göngu- og hjólaleiðir miklu máli fyrir svæðið. Ný umhverfisgæði verða til jafnt neðan höfðans og

uppi á brún hans. Allir strandlægir jaðrar verða lagðir stígum og gerðir aðgengilegir almenningi. Yfirbragð grænna svæða verði náttúrulegt og þau þróuð í átt að sjálfbærni. Lögð er megináhersla á að skapa lifandi götu- og almenningssvæði með trjágróðri til skjóls og yndisauka.

Deiliskipulagstillagan nær yfir fyrirhugaðar breytingar fyrir Borgarlínu sem tengir Sævarhöfða og Breiðhöfða saman með nýju göturými. Borgarlínunni er valin lega sem hlykkjast upp á Ártúnshöfðann þannig að hún fylgi sem best landslagi og standist hallaviðmið. Frá Sævarhöfða mun borgarlínugata fara yfir Elliðaárvoginn til vesturs um Geirsnef á tveimur brúm sem munu þvera hvor sinn álinn af Elliðaánum. Stórhöfði og Breiðhöfði styðja við borgarlínuna og bæta samgöngunetið enn frekar. Þar getur Borgarlínan verið hinn rauði þráður sem tengir svæðin saman.

Í rammaskipulaginu koma einnig fram áherslur um ákveðnar breytingar þar sem almenningssamgöngur og virkir ferðamátar eru í forgrunni í bland við hægfara bílaumferð. Fellur þetta vel að þeim markmiðum um bætt aðgengi og umhverfisgæði á götum borgarinnar sem fylgt geta Borgarlínunni.

Helstu breytingar á svæðinu samkvæmt tillögnum verða:


- Bætt við nýju göturými fyrir Borgarlínu frá Sævarhöfða að Krossamýratorgi ásamt einni stöð, Sævarhöfða.
- Hjóla- og göngustígum er bætt við beggja vegna Borgarlínubrauta og þannig er tryggt aðgengi virkra ferðamáta við götuna.
- Akreinar fyrir almenna bílaumferð verða að mestu leyti einbreiðar, nema við gatnamót Sævarhöfða og Stórhöfða.
- Grænni ásýnd gatnanna aukin með skilgreindum svæðum fyrir gróður og regnvatnslausnum ofanjarðar.

3.2.1. Landnotkun samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 liggur Stórhöfði um miðsvæði M27 og við íbúðarsvæði ÍB61. Á þéttbýlisupprætti er búið að merkja inn legu Borgarlínu gegnum svæðið.

Borgarlínan liggur um helstu útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins og tengir þau saman. Draga skal úr raski eins og hægt er, og tryggja gott aðgengi að útivistarsvæðum. Útivistarsvæði næst stöðinni er Elliðaárdalur og Fossvogsdalur.

Deiliskipulagið er í samræmi við ákvæði aðalskipulagsins.



Mynd 3:5 Hluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2040. Afmörkun deiliskipulags sýnd með hvítri brotalínu.

3.2.2. Núgildandi deiliskipulagsáætlanir

Þessi hluti Borgarlínu er ekki inni í deiliskipulagi í dag en ein deiliskipulagsáætlun sem gerir ráð fyrir Borgarlínu er í gildi á svæðinu og hefur aðliggjandi skipulagsmörk. Skipulagsmörk liggja þó að þeim og því þarf að tryggja samræmi á milli skipulagsáætlana en kallar ekki á breytingar á þeim, sjá nánar **Tafla 3-1**

Tafla 3-1 Deiliskipulagsáætlanir sem liggja að deiliskipulagssvæðinu en þarf ekki að breyta.

Heiti deiliskipulagsáætlunar	
Deiliskipulag Elliðaárdals – Ártúnshöfði, svæði 1	Samþykkt 21.12.2021 Birthing í B deild 15.03.2022

3.2.3. Lóðir og/eða mannvirki innan skipulagsmarka

Innan deiliskipulagsmarkana er húsaröð grjótmulningshúsa sem samanstendur af fjórum byggingum, sjá nánar kafla 3.2.4. Húsaröð þessi liggur þvert á fyrirhugaða legu borgarlínu í göturými Stórhöfða og eru merkt inn á skipulagsupphætt með heimild til niðurrifs.

3.2.4. Fornleifar og menningarminjar

Húsakönnun og skráning fornleifa hefur farið fram fyrir svæðið. Samkvæmt þeirri skýrslu eru engar fornleifar á deiliskipulagssvæðinu en einar minjar, Ártún nr. 263-44 (Grjótnám Reykjavíkur) og njóta þær verndar í grænum flokki.

Í húsakönnun Ártúnshöfða, svæði 1-4 er lagt til að grjótmulningshúsin sem mynda húsaröð, við Sævarhöfða 6-10, njóti verndar í gulum flokki með hverfisvernd í deiliskipulagi. Þar sem; „Þau mynda eina heild og eru sem slík merkileg heimild um þann iðnað sem stundaður hefur verið á staðnum frá upphafi grjót- og sandnáms bæjarins við Elliðaárdal.“

Eins og hefur komið fram stendur umrædd húsaröð þvert á fyrirhugaða legu borgarlínu. Til þess að framfylgja megi áætlun deiliskipulags þurfa allar núverandi byggingar á deiliskipulagssvæðinu að víkja ásamt umrædd húsaröð

Tekin hefur verið ákvörðun um að húsinn víki fyrir skipulögðum framkvæmdum. Í ljósi ábendinga Minjastofnunar um mikilvægi skrásetningar og varðveislu heimilda verður unnið í samráði við Minjastofnun við mælingu, teikningu og skráningu húsanna og innréttinga þeirra með vönduðum hætti áður en niðurrið fer fram, til að tryggja varðveislu heimilda um byggingararf og iðnaðarverkkunnáttu svæðisins.

Húsakönnun og skráning fornleifa hefur farið fram fyrir svæðið og má nálgast í eftirfarandi skýrslum:

Anna Lís Guðmundsdóttir; Margrét Björk Magnúsdóttir. (2021). *Fornleifaskrá. Ártúnshöfði*. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skýrsla nr. 212. https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_2633.pdf

Alma Sigurðardóttir; Drífa Kristín Þrastardóttir. (2021). *Húsakönnun. Ártúnshöfði, svæði 1-4*. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skýrsla nr. 211. https://husaskraning.minjastofnun.is/Husakonnun_1.pdf

Við framkvæmdir skal þó hafa í huga að horfnar minjar gætu leynst undir eldri mannvirkjum og í jörðu. Fara skal með gát við allar framkvæmdir. Þá skal minna á 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir að ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar og hafa samband við Minjastofnun Íslands.

3.3. Sérskilmálar Borgarlínu um Elliðaárvog við Ártúnshöfða svæði 2

Breiddir gatna á uppdrætti eru leiðbeinandi en gefa til kynna mögulegt umfang gatna að teknu tilliti til allra samgöngumáta. Endanlegar breiddir gatna ráðast við verkhönnun.

Borgarlínan fer um neðsta hluta Stórhöfða á tveimur miðjusetum sérakreinum. Gert er ráð fyrir göngu- og hjólastígum beggja vegna við og tveimur einbreiðum akbrautum í sitthvora átt. Einnig er gert ráð fyrir gróðri á svæðum inn á milli.

3.3.1. Stöðvar

Hver stöð Borgarlínu samanstendur af brautarpalli og skábrautum. Brautarpallurinn er upphækkaður sem tryggir þrepalaust aðgengi inn í vagna. Vegna þessa þarf að gera ráð fyrir skábrautum við hvorn enda brautarpalls svo allir eigi greiða leið upp að pallinum.

Stöðvar Borgarlínunnar eru flokkaðar í annars vegar almennar stöðvar og hins vegar tengistöðvar, þar sem tvær eða fleiri leiðir mætast. Að auki eru fjórar kjarnastöðvar í Reykjavík, en það eru stærri tengistöðvar og stöðvar þar sem eru tengingar við vagna sem ganga út fyrir höfuðborgarsvæðið. Kjarnastöðvarnar eru Vogabyggð, Hlemmur, Lækjargata og BSÍ.

Í frumdragaskýrslu að fyrstu lotu Borgarlínunnar segir að þrjár borgarlínustöðvar eru á leggnum Ártúnshöfði; við Krossamýrartorg, Sævarhöfða og í Vogabyggð. Áætluð uppbygging á Ártúnshöfðanum er að mörgu leyti tvískipt vegna mikils hæðarmunar á svæðunum fyrir ofan og neðan höfðann. Borgarlínustöðvar eru því staðsettar þannig að aðgengi sé sem best frá hvoru svæði fyrir sig. Stöðin Sævarhöfði niður við Elliðaárvoginn hefur einnig góða tengingu við Geirsnef og við göngu- og hjólastíga sem liggja meðfram strandlínunni og upp í Elliðaárdal. Stöðin við Vogatorg, sem staðsett er vestan við Elliðaárnar, verður mikilvægur tengipunktur milli leiða almenningsgangna. Mun sú stöð haldast í hendur við uppbyggingu á umferðarstokk á Sæbraut við Vogabyggð og þverun Elliðaánna. Innan deiliskipulagssvæðisins er ein af þessum stöðvum og nefnist Sævarhöfði.

3.3.1.1. Sævarhöfði.

Við val á staðsetningu stöðva var horft til góðra tenginga við aðliggjandi byggð og uppbyggingar möguleika á svæðinu. Við Sævarhöfða er gott og beint aðgengi að stöðinni frá þeirri uppbyggingu sem



áætluð er sunnan og norðan við Stórhöfða, en einnig frá fjölbreyttri atvinnustarfsemi á Ártúnshöfða. Ekki er síður mikilvæg tengingin við íbúabyggðina í Bryggjuhverfi.

Helstu áskoranir í kringum stöðina er sá mikli landhalli sem er frá Sævarhöfða upp Stórhöfða að Krossamýratogi. Nálægð stöðvar við gatnamót Sævarhöfða og Stórhöfða og tenging við brýr við sitt hvorn enda skipulagssvæðisins.

Stöðvar Borgarlínu – Stórhöfði: Sævarhöfði

- Almenn stöð.
- Mótsettir brautarpallar.
- Gert er ráð fyrir tveimur skábrautum beggja vegna brautarpallsins.
- Tryggja skal þreplaust og gott aðgengi inn í vagnana, m.a. fyrir barnavagna, reiðhjól og hjólastóla.

Stærðir:

- Lengd stöðvarpalla, 26 m utan skábrauta.
- Breidd stöðvarpalla er 4 m, að meðtöldum handriðum, afrennslis- og öryggissvæðum.
- Leiðbeinandi lengd skábrauta um 6 m, ræðst af aðstæðum.
- Halli skábrauta fari ekki undir 1:25 enda nægt landrými

3.3.1.2. Aðkomusvæði stöðva

Við hverja stöð er svokallað aðkomusvæði. Innan aðkomusvæðis er gert ráð fyrir þverunum meðfram öllum stöðvum fyrir gangandi og hjólandi, sem tengja stöðvarnar við aðliggjandi göngu- og hjólastíga.

Stærðir aðkomusvæða eru mismunandi. Miðað er við að þau nái yfir göngustíga á breiddina og göngu þveranir meðfram stöðvum á lengdina, í það minnsta. Þar sem aðliggjandi almenningssvæði liggja við aðkomusvæði eru þau gerð hluti af þeim.

Gert er ráð fyrir hjólastæðum á aðkomusvæði stöðva eins og rými leyfir, sjá sérskilmála hjólastæða hér aftar.

Gert er ráð fyrir götugögnum á borð við skilti, bekki og ruslatunnur á aðkomusvæðunum. Einnig er gert ráð fyrir auknum gróðri og jafnvel listaverkum eftir því sem við á. Horft verður til þess að aðlaga nánasta umhverfi stöðva að einkennum hverrar staðsetningar.

Leyfilegt er að setja upp merkingar/skilti upp að vissu marki, sem tengjast rekstri Borgarlínunnar ásamt hefðbundnum veg- og öryggisskiltum. Auk þess má setja upp auglýsingaskilti ef það er gert í samræmi við hönnun stöðvarinnar.

3.3.2. Borgarlínubrautir

Á deiliskipulagsupprætti eru merktar Borgarlínubrautir, sér akreinar fyrir almenningssamgöngur. Í sérrými almenningssamgangna er aðeins heimilaður akstur tengdur almenningssamgöngum og akstur neyðarbíla. Allir neyðarbílar (lögregla, sjúkrabílar, slökkvilið) mega nota Borgarlínuakreinar, hvort sem þeir eru í neyðarakstri eða ekki.

Borgarlínubrautir/sérrými almenningssamgangna – Stórhöfði

- Tvær sérakreinar saman, miðjustettar.
- Breidd sérrýmis, tvær sérakreinar, með kanti: 6,5 - 7 m.

3.3.3. Göngustígar

Mikilvægt er að gangstéttir meðfram Borgarlínu séu rúmgóðar og greiðfærar fyrir alla. Götugögn, ljósastaurar og skilti skulu vera staðsett þannig að hjólastólar og barnavagnar komist óhindrað fram hjá.

Meðfram Stórhöfða verða lagðir göngustígar eða stéttir beggja vegna, yst í göturýminu, á flestum stöðum jafn breiðar eins og sýnt er á deiliskipulagsupprætti.

Göngustígar – Stórhöfði

- Almenn breidd göngustíga er 3,0 m, en að lágmarki 2,5m.
- Við Borgarlínustöð eru göngustígar breiðari.
- Yfirborð skal vera slétt, annaðhvort hellulagt eða steipt.

3.3.4. Hjólastígar

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir hjólastígum meðfram Borgarlínunni til þess að tryggja gott aðgengi til og frá stöðvum ásamt því að auka umferðaröryggi.

Hjólastígar eru tvöfaldir. Þar sem pláss leyfir, eru hjólastígar aðskildir akbrautum. Þar sem hjólastígar eru tvöfaldir eru þeir um 2,5 m breiðir en þar sem þeir eru einfaldir verða þeir minnst 2 m breiðir.

Á sérmerktum hjólastígum er gert ráð fyrir forgangi hjólaumferðar. Gæta skal að yfirborð hjólastíga sé aðskilið göngustígum annað hvort með aðgreiningu og/eða ólíku yfirborðsefni.

Hjólastígar – Stórhöfði

Lágmarksbreiddir:

- Einstefnustígur 2 m samsíða göngustígum
- Tvístefnu hjólastígar 2,5 m samsíða göngustígum
- Yfirborð slétt

Þar sem hjólastígur liggur meðfram eða þverar svæði við stöð eða göngusvæði þarf að tryggja gott aðgengi hjólandi og gangandi vegfaranda með eftirfarandi hætti:

- Tryggja gott öryggissvæði bakvið stöðvar
- Stígar að stöðvum séu vel tengdir, skilvirkir, öruggir, með lýsingu og af miklum gæðum
- Huga skal að staðsetningu, þverunarlengd, lýsingu og sjónlengdum þverana

3.3.5. Göngu- og hjólaþveranir

Á deiliskipulagsupprætti eru göngu- og hjólaþveranir merktar sérstaklega. Tvær tegundir þverana.

3.3.5.1. Þveranir yfir Borgarlínubrautir

Gert er ráð fyrir að þveranir yfir Borgarlínubrautir séu ekki upphækkaðar, heldur eru þær hafðar í plani við akbrautir til þess að koma í veg fyrir hindranir Borgarlínunnar.

3.3.5.2. Upphækkaðar þveranir

Þveranir yfir akreinar sem eru ekki samsíða Borgarlínubraut, eða þvert á Borgarlínugötu, skulu vera upphækkaðar yfir götu í stað malbiks í götuplani. Gert er ráð fyrir þverunum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendum á þessum svæðum og er gerð krafa um breytt yfirborðsefni. Markmiðið með uppbroti í yfirborði er að gera þveranir sýnilegri og auka þannig öryggi allra vegfarenda.

3.3.6. Gatnamót**3.3.6.1. Ljósastýrð gatnamót**

Gatnamót þar sem leyfðar eru vinstri beygjur yfir Borgarlínuakreinar verða ljósastýrð til að tryggja greiðfærni Borgarlínunnar og auka umferðaröryggi. Eftirfarandi ljósastýrð gatnamót eru innan deiliskipulagsins:

Sævarhöfði - Stórhöfði

Krossgatnamót þar sem Stórhöfði mætir Sævarhöfða úr austri með bæði Borgarlínuakreinum og einni bílaakrein sitthvoru megin við Borgarlínubrautina. Borgarlínan heldur áfram beint til vesturs en bílakreinar beygja til norðurs og suðurs á Sævarhöfða. Af Sævarhöfða er hægt að beygja inn á Stórhöfða bæði frá suðri og norðri. Göngustígar og hjólastígar þvera alla arma gatnamótanna.

Á uppdrætti er sýnd leiðbeinandi útfærsla en fullnaðarhönnun gatnamótanna er ekki lokið.

3.3.6.2. T-gatnamót

Gatnamót án ljósastryngingar. Akreinar þar sem að almenn bílaumferð er á biðskyldu og getur aðeins farið út af Stórhöfða með hægri beygju eða inn á Stórhöfða með hægri beygju. Ekki hægt að þvera Borgarlínubraut sem tryggir þannig greiðfærni Borgarlínunnar.

Eftirfarandi gatnamót eru innan deiliskipulagsins:

Stórhöfði - Þórðarhöfði

Ekki er möguleiki á vinstri beygju. Göngu- og hjólastígar sem þvera Þórðarhöfða eru upphækkaðir.

Stórhöfði – Gata við skóla

Ekki er möguleiki á vinstri beygju. Göngu- og hjólastígar sem þvera götu eru upphækkaðir.

3.3.7. Akbrautir

Akbrautir fyrir almenna bílaumferð eru beggja vegna Borgarlínubrauta, ein akrein fyrir bílaumferð í hvora átt. Á skipulagsuppdrætti eru sýndar leiðbeinandi akstursstefnur til skýringar.

3.3.8. Innkeyrslur

Nokkuð er um innkeyrslur sunnan við Stórhöfða þar sem að oft eru bílastæði inn á milli eða fyrir framan byggingar. Hér gildir það sama og um T gatnamót, innkeyrslur eru á biðskyldu og aðeins e hægt að fara út af Stórhöfða með hægri beygju eða inn á Stórhöfða með hægri beygju.

3.3.9. Aðkoma neyðarbíla og sorphirðutækja

Á uppdrætti eru merktar inn kvaðir um aðkomu neyðarbíla og tækja vegna reksturs og viðhalds veitumannvirkja eða sorphirðu.

Kvöð er um aðkomu að um Borgarlínutorg og göngustíg. Gera skal ráð fyrir þungaumferð.

3.3.10. Bílastæði

Gert er ráð fyrir bílastæðum fyrir hreyfihamlaða samsíða götu. Merkt inn á deiliskipulagsuppdráttinn. Útfærsla á uppdrætti er leiðbeinandi. Nýta skal bílastæði sem hluta af blágrænum ofanvatnslausnum t.d. með gegndræpu yfirborði. Ekki ættu að vera fleiri en þrjú bílastæði í röð án uppbrots.

3.3.11. Hjólastæði

Gert er ráð fyrir hjólastæðum á aðkomusvæði stöðvar eða torgsvæði.

Hjólastæði - Stórhöfði

- Hjólastæði skal ávallt staðsetja nálægt göngu- og hjólastígum
- Hjólastæði mega ekki hindra eða tefja för annarra ferðamáta

3.3.12. Svigrúm

Sveigjanlegt svæði sem má nýta á ýmsan máta, fyrir götugögn, gróður og blágrænar ofanvatnslausnir. Nýting fer eftir breidd svæðanna og staðsetningu.

Svigrúm eru staðsett milli Borgarlínubrauta og akbrauta beggja vegna. Breidd svigrúma eru mismunandi en breiðust við stöðvarnar, 4 m.

3.3.13. Opin svæði

Opin svæði á uppdrætti eru öryggissvæði og/eða svæði til aðlögunar vegna hæðarmismunar eða aðliggjandi svæða. Opin svæði skulu hafa grænt yfirbragð nema öryggiskröfur segi til um annað. Nýta má opin svæði undir blágrænar ofanvatnslausnir.

3.3.14. Gróður

Yfirborð lands er að mestu þakið grasi og lágróðri vestan Sævarhöfða, en austan Sævarhöfða er yfirborð ýmist malarhauga, malbik eða malarplön og götur. Lítill gróður er á skipulagssvæðinu austanverðu, mest upp við bakka Ártúnshöfða.

Gróðursetja skal eins og kostur er við Borgarlínubrautir og stöðvarnar. Svigrúm og opin græn svæði eru skilgreind svæði sem hægt er að nýta til gróðursetningar.

Á skipulagsuppdrætti er nýr trjágróður merktur inn sem leiðbeinandi staðsetning.

3.3.15. Torgsvæði - Borgarlínutorg

Gert er ráð fyrir torgi norðaustan við stöðina Sævarhöfði, utan skipulagsmarka þessa deiliskipulags. Torgsvæðið tengist aðliggjandi deiliskipulagsáætlun Elliðaárvogs, svæði 2A, torgið er utan deiliskipulagsins.

3.3.16. Brú

Austurendi skipulagssvæðis verður með brúartengingu við Ártúnshöfða. Gert er ráð fyrir að göngu- og hjólastígar liggi undir brúna, auk garðrýmis og ofanvatnsrásar sem tengir saman skipulagssvæði Elliðaárvogs-Ártúnshöfða 2A og 2C.

Til vesturs tengist deiliskipulagssvæðið brúarenda yfir Geirsnef. Sú brú er utan deiliskipulagssvæðisins.

4. Samráð

Deiliskipulag Borgarlínu í Reykjavík er kynnt í kjölfarið á kynningu á rammahluta aðalskipulags og drögum að umhverfismatsskýrslu 1. lotu Borgarlínu.

Í kynningu á rammahluta aðalskipulags og umhverfisskýrslu er farið yfir allar meginforsendur og almenna skilmála fyrir 1. lotu Borgarlínu í Reykjavík.

Við kynningu á deiliskipulaginu verður farið yfir þá skilmála sem eiga við á hverjum stað og sérskilmála sem bætast við. Deiliskipulag leggur þá línurnar fyrir verkhönnun og framkvæmdir Borgarlínu að meiri nákvæmni en rammahluti aðalskipulags.

4.1.1. Kynning lýsingar

Þar sem allar meginforsendur deiliskipulagsins koma fram í rammahluta aðalskipulagsins, er ekki tekin saman skipulagslýsing, í samræmi heimild 5.2.2 grein skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

4.2. Hvernig getur þú komið athugasemdum að?

Gert er ráð fyrir að halda opin fund þar sem farið er yfir deiliskipulagið og hægt er að fá þar svör við helstu spurningum.

Tillaga að deiliskipulagi Borgarlínu um Elliðaárvog við Ártúnshöfða svæði 2 er kynnt í Skipulagsgátt, þar sem má finna öll skjöl deiliskipulagsins og senda inn athugasemdir.

4.2.1. Umsagnaraðilar


Umsagnaraðilar eru þær opinberar stofnanir og stjórnarsýslueiningar sem sinna lögbundnum verkefnum í skipulagsmálum, leyfisveitingum, sinna þjónustu við íbúa eða hagsmunagæslu fyrir þeirra hönd.

Eftirfarandi umsagnaraðilar fá skipulagstillöguna senda til sín til umsagnar:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Borgarsögusafn Reykjavíkur
- Vegagerðin
- OR/Veitur
- Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins
- Framkvæmdanefnd Vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu
- Strætó bs.
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
- Eftirfarandi deildir og svið Reykjavíkurborgar:
- Heilbrigðiseftirlitið
- Skóla og frístundasvið
- Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
- Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar
- Skrifstofa umhverfisgæða
- Skrifstofa framkvæmda og viðhalds
- Skrifstofa rekstrar og umhirðu borgarlands
- Lóðarhafar og eigendur fasteigna við legu Borgarlínu.
- Íbúaráð Árbæjarhverfis

5. Fylgiskjal

5.1. Meðfylgjandi deiliskipulagsuppráttur



5.2. Aðliggjandi deiliskipulagsáætlun (Skýringaruppráttur)

DEILISKIPULAGSTILLAGA - ELLIÐAÁRVOGUR, SVÆÐI 2A



Skýringaruppráttur, m.kv. 1:1000



- SKÝRINGAR:
- Almennur deiliskipulagsáætlun
 - Núbygging, leikvangur
 - Gróðurplanta á þakum
 - Menntaheiti
 - Einastaða
 - Núverandi byggingar
 - Leikvangur, núverandi
 - Núverandi byggingar, nýjar
 - Kúð um gönguveg
 - Ítr- og úthyrsla úr skóla, leikvangur
 - Götu
 - Upphækkun yfirborð
 - Gönguskipti
 - Hjálstíglur
 - Gangbraut, kvíð
 - Hjálstíglur, leikvangur
 - Öflugur
 - Spennustöð
 - Leikvangur
 - Leik- og dælsvæði
 - Grenndarstöð - staðsetning
 - Leikvangur
 - Ástingastöð
 - Kennili
 - Götu, leikvangur
 - Vatnshólfur
 - Regnþætti, leikvangur
 - Grunn- og dælsvæði
 - Vatnshólfur
 - Spáttun
 - Staðsetning í AR
 - Örugg

10.06.2024 uppráttur og skýringar
uppráttur í kjölfar auglýsingar.



Kortagurur: LUKR
Málavæðing: 1:1000_A1
Áfangi: Deiliskipulag
Útgáfa: 06.03.2024
Síða: 2 af 2



Frá: [REDACTED]
Sent: föstudagur, 28. febrúar 2025 13:53
Til: USK Skipulag <skipulag@reykjavik.is>
Efni: Deiliskipulag fyrir Borgarlínu

Sæl
Renndi yfir gögnin sem fylgja í auglýsingu um Borgarlínu.
Þe það sem lýtur að Ártúnshöfða.

Var þetta textinn ekki prófarkalesinn?

Gangstéttir eru gangstéttir ekki gangstéttar.
Vantar sögn til að samhengi sé í texta í **3.2.** og **3.4.** endar á eignarfalli??

Ég veit að ég þirra mig óþarflega mikið yfir svona fúski,
en þetta þarf að vera í lagi.

3.3.16 Brú

Hvað þýðir þetta?

**Auk þess finnast mér skýringa kort ógreinileg og á erfitt með að
átta mig á þeim.**

Árnastofnun
Beygingarlýsing íslensks nútímamáls.

gangstétt kvenkynsnafnorð

Eintala

án greinis með greini

Nf.	gangstétt	gangstéttin
Þf.	gangstétt	gangstéttina
Þgf.	gangstétt	gangstéttinni
Ef.	gangstéttar	gangstéttarinnar

Fleirtala

án greinis með greini

Nf.	gangstéttir	gangstéttirnar
Þf.	gangstéttir	gangstéttirnar
Þgf.	gangstéttum	gangstéttunum
Ef.	gangstétta	gangstéttanna

1.9.4. Blágrænar ofanvatnslausnir

Þegar möguleikinn er fyrir hendi skal ofanvatn sem fellur á svæði leyst með ofanvatnslausnum.
Blágrænar ofanvatnslausnir byggja á opnum ofanvatnslausum, sem taka við ofanvatni (regnvatni,
ofankomu) og skulu þær mynda samfelld veitukerfi fyrir ofanvatnið. Ofanvatnslausir þjóna því
hlutverki

að taka við, veita, hreinsa og hægja á flæði ofanvatns og koma í veg fyrir flóð af völdum rigninga
og/eða

leysinga. Ofanvatnslausir taka við ofanvatni sem fellur á götur, **gangstéttar** og bílastæði. Leitast
skal við

að koma sem mestu ofanvatni niður í grunnvatn innan skipulagssvæðis.

3.3.3. Göngustígar

Mikilvægt er að **gangstéttar** meðfram Borgarlínu séu rúmgóðar og greiðfærar fyrir alla. Götugögn, ljósaustaurar og skilti skulu vera staðsett þannig að hjólastólar og barnavagnar komist óhindrað fram hjá.

3.2.

Staðan í dag og helstu breytingar frá núverandi ástandi

Fyrir liggur rammaskipulag Elliðaársvogs – Ártúnshöfða um uppbyggingu og þróun svæðisins sem byggjast upp í áföngum en svæðið tilheyrir svæði 2 samkvæmt rammaskipulagi. Svæði 2 afmarkast af

núverandi Ártúnshöfða til austurs, Elliðaám til vesturs og athafnasvæði steypustöðvar til suðurs. Til

norðurs snýr svæðið til sjávar. **Síðustu áratugi verið athafnasvæði og iðnaðarstarfsemi á svæðinu**, en

stærstu lóðir innan svæðisins hafa verið nýttar fyrir starfsemi malbikunarstöðvar og sendibílastöðvar

auk þess sem Sorpa rekur endurvinnslustöð á svæðinu. Ýmiskonar mannvirki fyrir atvinnustarfssemi

sem byggðust upp um miðbik síðustu aldar. Gert er ráð fyrir að öll þau mannvirki víki samhliða uppbyggingu á skipulagssvæðunum.

Mynd 3:4 Áætluð áfangaskiptin uppbyggingar og þróun byggðar á Ártúnshöfða og við Elliðaárvog, mynd unnin af Landslagi.

Landslag á Ártúnshöfða mótast af gömlum malarnámum sem skiptir hverfinu í tvö megin svæði sem

aðgreind eru af háum klettastalli sem rís hæst í um 24 m hæð yfir sjávarmáli, byggðina uppi á höfðanum

og byggðina niðri við Elliðaárvoginn. Elliðaárvogur er land þar sem áður var strandlína og sjór og landfylling sem hefur byggst upp í áföngum. Sævarhöfði liggur í gegnum svæðið norður-suður og er

gatan malbikuð. Yfirborð lands er að mestu þakið grasi og lágróðri vestan Sævarhöfða, en austan

Sævarhöfða er yfirborð ýmist malarhauga, malbik eða malarplön og götur. Á Ártúnshöfða eru Breiðhöfði og Stórhöfði fyrirbyggjandi megin götur auk þess sem **Svarthöfði tengir svæðið við Bryggjuhverfis**.

Austurendi Stórhöfða er við hringtorg, handan hans er Keldnavegur – ég skil ekki hvernig þetta gengur upp:

3.3.16. Brú

Austurendi Stórhöfða verður með brúartengingu við Ártúnshöfða. Gert er ráð fyrir að göngu- og hjólastígar liggja undir brúna, auk garðrýmis og ofanvatnsrásar sem tengir saman skipulagssvæði Elliðaársvogs-Ártúnshöfða 2A og 2C.

Til vesturs tengist deiliskipulagssvæðið brúarenda yfir Geirsnef. Sú brú er utan deiliskipulagssvæðisins.

Við fyrsta lestur hef ég mestar áhyggjur af því hvernig fótgangandi eiga að komast heilir á “brautarpallana”.

Þvert yfir akgreinar og hjólstíga.

Með bestu kveðjum og von um að frábærar almenningssamgöngur verði að veruleika.

Ingibjörg Tómasdóttir





Reykjavík, 6. mars 2025

Efni: Umsögn Dýraverndarsambands Íslands um skipulagstillögu Borgarlína 1. lota - Ártúnshöfði 2 - USK24120106.

Í ljósi aðstæðna á framkvæmdasvæði vill Dýraverndarsamband Íslands hvetja til þess að sérstakt tillit sé tekið til þess hvaða áhrif framkvæmdir við Elliðaárvog og á Geirsnefi geta haft á dýr. Þó að um sé að ræða mjög raskað svæði og að miklu leyti manngert umhverfi, þá þrífst þar fjölbreytt lífríki sem ber að standa vörð um.

Niðurstöður mats á umhverfisáhrifum (mál nr. 1378/2024) voru að þeir umhverfisþættir sem snúa að fuglalífi fengu vægiseinkunnina „nokkuð neikvætt“. Elliðaárvogur er hluti af mikilvægu fuglasvæði og við vinnu Tringa ehf. að úttekt á lífríki í tengslum við umhverfismatið fundust fuglategundir sem eru á valista Náttúrufræðistofnunar, þannig að mikilvægt hlýtur að teljast að halda neikvæðum áhrifum á fuglalíf í algjöru lágmarki. Sérstaklega á þetta við um það litla sem eftir er af náttúrulegum leirum á svæðinu.

Þá ber að nefna að fuglalíf á settjörnum og grónum bökkum milli eystri kvíslar Elliðaáa og Sævarhöfða er fjölbreytt og því mikilvægt að gæta þess að lágmarka rask, sérstaklega á varptíma fugla. Að fenginni reynslu við ýmsar framkvæmdir þarf að upplýsa verktaka sérstaklega um stöðuna og gera skýrt í verkáætlun hvernig taka skuli tillit til náttúru og fuglalífs.

Við endanlega hönnun svæðisins er rétt að hvetja til þess að reynt verði að tempra umferðarhraða um Sævarhöfða og grípa til annarra aðgerða til að bregðast við þeirri stöðu að vegna nálægðar fuglalífsins við götuna eiga fuglar það gjarnan til að ganga út á akbrautina.

Að lokum vill Dýraverndarsambandið minna á mikilvægi Geirsnefs fyrir lausagöngu hunda. Fyrirhugaðar framkvæmdir og frekari þróun svæðisins mega ekki skerða þau miklu lífsgæði hunda og eigenda þeirra sem felast í rúmgóðu opnu svæði miðsvæðis í höfuðborginni.

Virðingarfyllt,
Andrés Ingi Jónsson,
framkvæmdastjóri,
Dýraverndarsamband Íslands.



Reykjavík 5. mars 2025
2025030041

Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

**Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 84/2025 í skipulagsgátt,
Borgarlína 1. lota - Ártúnshöfði 2 - USK24120106. Tillaga að nýju deiliskipulagi**

Vísað er til máls nr. 84/2025 í skipulagsgátt, Borgarlína 1. lota - Ártúnshöfði 2 - USK24120106. Tillaga að nýju deiliskipulagi. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn.

HER vill benda á að fyrirhuguð lega Borgarlína er á svæði þar sem mælingar hafa sýnt að jarðvegsmengun er til staðar. Setja þarf í skilmála skilyrði um að farið verði í ítarlegar mengunarrannsóknir á svæðinu áður en framkvæmdir við Borgarlínu hefjast.

Huga þarf vel að ofanvatnslausnum á þessu svæði vegna nálægðar við Elliðaár. Tengja þarf blágrænar ofanvatnslausnir vegna Borgarlínu við kerfi blágrænna ofanvatnslausna fyrir nýja íbúðarbyggð á Ártúnshöfða. Skerpa má á þessu í skilmálum til að tryggja að ofanvatn geti ekki haft áhrif á vatnsgæði ána.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri



Reykjavík 20. febrúar 2025

Umsögn um: Borgarlína 1. lota - Ártúnshöfði 2

Umsagnarnefnd Landssamtaka hjólreiðamanna (LHM) hefur skoðað kynningu á tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir göturými á Ártúnshöfða 2 en um er að ræða svæði sem verður neðsti hluti Stórhöfða og tengist við Sævarhöfða.

Tillagan er hluti af 1. lotu Borgarlínu og afmarkast af gatnamótum Sævarhöfða og Stórhöfða til vesturs, deiliskipulagsmörkum Ártúnshöfða við Elliðaárvog svæðis 1 til austurs og deiliskipulagsmörkum Ártúnshöfða við Elliðaárvog svæðis 2A til norðurs. Til suðurs afmarkast svæðið af lóðamörkum sunnan Stórhöfða og deiliskipulagsmörkum Elliðaárvogs við Ártúnshöfða svæði 2C. Með tilkomu nýs deiliskipulags verður bætt við nýju göturými fyrir Borgarlínu frá Sævarhöfða að Krossamýrartorgi ásamt einni stöð, Sævarhöfða. Hjóla- og göngustígum er bætt við beggja vegna Borgarlínubrauta og þannig er tryggt aðgengi virkra ferðamáta við götuna. Akreinar fyrir almenna bílaumferð verða að mestu leyti einbreiðar, nema við gatnamót Sævarhöfða og Stórhöfða. Þá er grænni ásýnd gatnanna aukin með skilgreindum svæðum fyrir gróður og regnvatnslausnum ofanjarðar.

Ábendingar LHM við deiliskipulagið

3.3.4. Hjólastígar

Í öllum tilfellum gerir LHM ráð fyrir því að við hönnun hjólastíga tengdum Borgarlínu verði

HÖNNUNARLEIÐBEININGAR FYRIR HJÓLREIÐAR

Leiðbeiningar sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins og Vegagerðarinnar

19.12.2019

(eða síðari útgáfu) fylgt í hvívetna, að öll tiltæki úrræði í *reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra* verði nýtt, og að haft verði frumkvæði að frekari tillögum um viðbætur í þá reglugerð eins og þörf er á.

Til mikils er að vinna fyrir grænar og virkar samgöngur, sem styðja við loftlagsmarkmið og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, sem og til þess að reyna að draga úr aukningu á bílaumferð, að hjólastígar hvetji til hjólreiða og tengist vel við núverandi og komandi hjólastíga. Hjólaleiðir þurfa að vera eindregnar, beinar, greiðar og án óþarfa hæðarbreytinga eins og frekast er kostur; en umfram allt öruggar jafnvel þó svo það sé á kostnað meintra þæginda bílstjóra.

3.3.6.1. Ljósastýrð gatnamót

Gatnamót Sævarhöfði - Stórhöfði

Fram kemur að á uppdrætti er sýnd leiðbeinandi útfærsla en fullnaðarhönnun gatnamótanna er ekki lokið. LHM leggur áherslu á að þveranir hjólandi yfir gatnamót séu beinar og greiðar líkt og þveranir

akandi og séu ekki lakari en þær. Þótt ekki sé um fullnaðarhönnun gatnamótanna að ræða vilja samtökin benda á þetta atriði á þessu stigi.

3.3.11. Hjólastæði

Gert er ráð fyrir hjólastæðum á aðkomusvæði stöðvar eða torgsvæði.

Að mati LHM ætti að vera gert ráð fyrir stæðum fyrir reiðhjól og hlaupahjól á öllum borgarlínustöðvum kannski með undantekningu af stöðvum í miðborginni þar sem geta verið stæði aðgengileg alveg í grennd við borgarlínustöðvar. Á stöðvum má líka gera ráð fyrir tengjum fyrir hleðslu rafhjóla.

Gæta þarf sérstaklega að þeim vandamálum sem leigurafhlaupahjól skapa. Slæm reynsla er af því hvernig leigjendur skilja við þau út um allt, hvort sem er mitt á hjólastígum eða gangstéttum og við biðskýli. Huga þarf að góðum lausnum svo leigurafhlaupahjólum verði ekki illa lagt á stoppistöðvum Borgarlínu í því samhengi.

LHM hafa ítrekað bent á vandræðin sem hafa fylgt leigurafhlaupahjólum, t.d. í bréfi: „*Mótmæli við samninga við leigufyrirtæki með rafhlaupahjól*“ sem m.a. voru send Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ, Vegagerðinni og mörgum fleirum veghöldurum í lok des. / byrjun nóv. 2023.

Sveitarfélögin þurfa að finna lausn með fyrirtækjum sem reka þessa þjónustu þar sem skipulagðar eru fastar stöðvar þar sem skylda er að skila deilifarartækjum. Slíkar stöðvar ættu að vera á öllu stoppistöðvum Strætó og Borgarlínunnar, við alla grunn- og leikskóla, við verslanir og þjónustu og í flestum eða öllum götum á 1-2 stöðum. Þær ættu ýmist að vera í plani við gangstéttir þar sem pláss er en ella á að taka frá bílastæði í götuplani (sjá dæmi um slíkt þar sem bílastæði voru tekin af í Sturlugötu nálægt Torfhildargötu fyrir reiðhjóla- og rafskútustæði). Hönnun þeirra ætti að vera samræmd en til að byrja með er líklega nóg að grunnstöð sé merkt með skilti og að tveir eða fleiri hjólabogar eða statív fyrir hlaupahjól séu sett upp.

Landssamtök hjólréiðamanna vilja mjög gjarnan fá að skoða hönnunartillögur á síðari stigum eftir því sem þær verða til en gera þarf ráð fyrir að þær tillögur sem eru í 1. lotu eigi eftir að taka talsverðum breytingum í frekari hönnun.

Virðingarfyllt
f.h. stjórnar LHM



Árni Davíðsson

Um Landssamtök hjólréiðamanna

Landssamtök hjólréiðamanna (LHM) eru hagsmunasamtök sem hafa að markmiði m.a. að efla hjólréiðar á Íslandi sem heilsusamlegan lífsmáta og sem samgöngumáta. Öll helstu hjólréiðafélög landsins eiga aðild að LHM. Samtökin eru þó ekki aðeins málsvari félagsmanna hinna ýmsu hjólréiðafélaga sem telja yfir 2000 manns heldur eru þau jafnframt málsvari allra sem hjóla á Íslandi. LHM er aðildarfélag að European Cyclists' Federation, sem eru heildarsamtök fyrir hjólréiðafélög til samgangna og ferðalaga í Evrópu. Aðildarfélag ECF er að finna í flest öllum löndum Evrópu. LHM hlaut samgönguviðurkenningu Reykjavíkurborgar 2012 fyrir virka þátttöku og áhrif í að efla hjólréiðar á Íslandi.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2025
MÍ202501-0096/ 6.09 / 4778

Efni: Borgarlína 1 lota, Ártúnshöfði 2

Minjastofnun Íslands barst tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 23. janúar 2025 þar sem fram kom að Reykjavíkurborg óskaði eftir umsögn stofnunarinnar um nýtt deiliskipulag *Borgarlínu 1. lota Ártúnshöfði 2*, mál nr. 0084/2025. Hægt var að hlaða niður greinargerð, dagsett 13.12.2024 ásamt deiliskipulagsupprætti dagsettum 10.12.2024, unnið af Arkís arkitektum ásamt hönnunarteymi.

Samkvæmt þeim gögnum er um er að ræða um það bil 500 metra kafla frá Sævarhöfða upp Stórhöfða að Ártúnshöfða. Svæðið tilheyrir svæði 2 samkvæmt rammaskipulagi þar sem borgarlínan gegnir lykilhlutverki í uppbyggingu svæðisins. Lega borgarlínunnar var valin með hliðsjón af landslangi og hallaviðmiðum. Eitt hús eða húsaröð sem samanstendur af fjórum byggingum, er innan skipulagssvæðisins og er fyrirhugað að rífa þau því þau standa þvert á fyrirhugaða legu borgarlínu. Gert er ráð fyrir einni almennri stöð (Sævarhöfði) á skipulagssvæðinu. Norðan og suðaustan við svæðið eru í vinnslu deiliskipulög Elliðaárvogur – svæði 2A og 2C.

Fjallað er um fornleifar og menningarminjar í kafla 3.2.4 í greinargerðinni. Þar kemur réttilega fram að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja hefur farið fram og Minjastofnun staðfestir að hún uppfyllir kröfur um skráningu menningarminja vegna skipulagsgerðar. Í húsakönnuninni kemur fram að Grjótmulningshúsin hafi verið reist árið 1961, þau falla því ekki undir ákvæði laga nr. 80/2012 um friðun né umsagnarskyldu. Í skýrslunni er lagt til að húsin njóti verndar í deiliskipulagi því þau séu merkilegar heimildir um þann iðnað sem stundaður var á staðnum.

Fyrir liggur *Fornleifaskráning vegna Borgarlínu – Lotu 1, Ártúnshöfði – Fossvogur*, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur árið 2024, skýrsla nr. 230. Samkvæmt þeirri skýrslu eru engar fornleifar skráðar á svæðinu.

Fyrir liggur skýrslan, *Ártúnshöfði Svæði 1-4 Húsakönnun*, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur árið 2021, skýrsla nr. 211. Í þeirri skýrslu segir m.a.:

„Grjótmulningsstöðin var elst þeirra fyrirtækja sem Reykjavíkurbær átti og var starfrækt á Ártúnshöfða, en grjótið sem þar var notað við framleiðslu var meðal annars sprengt við Elliðaárvog en síðar í grjótnámi Reykjavíkurborgar í Selási. Grjótið frá Selási var flutt á stórum vögnum í Grjótmulningsstöðina á Ártúnshöfða. Þar tók við vinnsluferli í grjótmulningsstöð sem samanstendur af fjórum byggingum sem tengjast með færibandí, byggðar 1961 eftir teikningum Rögnvaldar Þorsteinssonar bæjarverkfræðings. Grjótmulningsshúsin í grjótmulningsstöðinni eru einstök í borgarsögunni, meðal annars vegna þess að þar er um að ræða fágæta yfirbyggða starfsemi. Grjótið sem mulið var í grjótmulningshúsunum var meðal annars notað sem undirlag fyrir flestar götur borgarinnar. Starfsemin sem fram fór í húsunum hefur því sterk tengsl við innviðasögu Reykjavíkurborgar ásamt því að bera atvinnusögu svæðisins og sögu gatnamála vitni.“

Minjastofnun Íslands veitti umsögn um deiliskipulagstillögu fyrir Ártúnshöfða við Elliðaárvog - svæði 2, dagsett 31. janúar 2022 þar sem tekið var undir tillögu

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.

Borgarsögusafns um varðveislugildi Grjótmulningshúsanna og hvatt til þess að kannað yrði hvort mögulegt væri að færa fyrirhugaða legu borgarlínu í suðurátt þar sem ekki eru varðveisluverð hús.

Minjastofnun Ísland telur það miður að ekki hafi verið farið eftir fyrri umsögn stofnunarinnar. Minjavörður fór á vettvang ásamt arkitekt stofnunarinnar og minjaráði Reykjavíkur og nágrennis þann 8. september 2023 og skoðaði húsin og umhverfi þeirra. Afstaða Minjastofnunar varðandi varðveislugildi húsanna breyttist ekki við þá skoðun.

Er það mat Minjastofnunar að æskilegt hefði verið ef Reykjavíkurborg og hönnuðir skipulagsins hefðu einnig horft til hins byggða umhverfis og sögu svæðisins þegar lega borgarlínunnar var valin en ekki einungis landslags. Eins og fram hefur komið eru Grjótmulningshúsin einstakt dæmi um mannvirki sem endurspeglar iðnaðar- og atvinnusögu svæðisins sem byggðist upp um miðbik síðustu aldar og tengist uppbyggingarsögu Reykjavíkur sterkum böndum. Þrátt fyrir að húsin séu sérhönnuð til að gegna ákveðnu hlutverki er ljóst að auðvelt ætti að vera að laga byggingarnar að nýju hlutverki með einhverjum breytingum. Staðsetning þeirra í nálægð við fyrirhugaða nýja borgarlínu gefur einnig möguleika á að nýta húsin fyrir atvinnu- og þjónustustarfsemi sem tengist borgarlínustöð og þar með verða aðdráttarafl og kennileiti fyrir nýja íbúðabyggð. Sérstakt útlit húsanna myndi gefa þessu nýja hverfi sögulega dýpt sem ómögulegt er að skapa með nýjum byggingum.

Minjastofnun Íslands hvetur Reykjavíkurborg enn og aftur, til að endurskoða ákvarðanir um að rífa þessi hús og kanna til fulls hvort mögulegt sé að varðveita húsin í einhverri mynd og gefa þeim nýtt hlutverk. Borgarlínan er enn teikning á blaði sem hægt er að færa til. Að öðrum kosti telur Minjastofnun afar mikilvægt að húsin og innréttingar þeirra verði mæld, teiknuð og skrásett með vönduðum hætti áður en til niðurrifs kemur til að varðveita heimildir um staðbundna og sérhæfða verkunnáttu, efnisnotkun og byggingarlist þessa iðnaðarhúsnæðis.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við ofangreint deiliskipulag. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,


Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Borgarsögusafn (minjavarsla@reykjavik.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.



Umhverfis- og skipulagssvið
B.t. Þuríður María Guðmundsdóttir
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

6.3.2025

Umsögn SHS vegna tillögu að nýju deiliskipulagi, vegna máls nr. 0084/2025
Borgarlína 1. lota - Ártúnshöfði 2 - USK24120106

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, SHS, hefur fengið til umsagnar tillögu að deiliskipulagi vegna 1.lotu Borgarlínu - Ártúnshöfði 2.

Umsögn:

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins vill leggja áherslu á að akbrautir borgarlínu verði opnar öllum viðbragðsaðilum öllum stundum hvort sem er í forgangsakstri eða ekki. Í kafla 3.3.2. Borgarlínubrautir, bls. 22/29, segir: *Á deiliskipulagsupprætti eru merktar Borgarlínubrautir, sér akreinar fyrir almenningssamgöngur. Í sérrými almenningssamgangna er aðeins heimilaður akstur tengdur almenningssamgöngum og akstur neyðarbíla með forgangsljós.*

Af þessu orðalagi að dæma er óljóst hvort neyðarbílar þurfi að vera með forgangsljós kveikt eða nóg sé að hafa þau á bílnum. Að mati SHS ætti hér frekar að skilgreina akstur bíla sem leyfi hafa til neyðaraksturs, hvort sem um er að ræða lögreglu, slökkvilið eða sjúkrabíla.

SHS sér meðal annars fyrir sér að nýta akbrautir borgarlínu til sjúkraflutninga sem ekki eru allir farnir í forgangsakstri.

Ef að viðbragðsaðilar hafa aðgang að akbrautum borgarlínu þarf að passa að neyðarbílar festist ekki inni á þeim. Til dæmis við stoppistöðvar, þar eru líkur á að tveir vagnar stoppi samtímis og neyðaraksturbíll komist ekki framhjá. Á stöðum, framan við stoppistöðvar, þarf því að vera hindranalaust aðgengi út af borgarlínuakbraut inn á almenna akbraut. Passa þarf hæð á götuköntum á þeim stöðum þar sem hægt verður að keyra út af/inn á og huga að staðsetningu skilta.

Að öðru leiti þarf að tryggja að nýjar götur og beygjur séu nægjanlega breiðar fyrir stærri tæki slökkviliðs ásamt nægjanlegu burðarþoli. Hafa þarf í huga að umferðarmannvirki hefti ekki aðgengi slökkvi- og sjúkrabíla að aðkomusvæðum bygginga sem fyrir eru eða áætlaðar eru á svæðinu.

Virðingarfyllt,
f.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Atli Freyr Runólfsson
Sérfræðingur

Reykjavíkurborg
Skipulagsfulltrúi
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 4. mars 2025
UOS2501380/R.S.
13.04.03

Efni: Ósk um umsögn - Deiliskipulag - Borgarlína 1. lota - Ártúnshöfði 2 - USK24120106

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst 23.1.2025 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að nýju deiliskipulagi vegna 1. lotu Borgarlínu á Ártúnshöfða í Reykjavík.

Í greinargerð kemur fram að um er að ræða skipulag fyrir 1. lotu Borgarlínunnar frá Sævarhöfða upp Stórhöfða að Ártúnshöfða.

Mengaður jarðvegur

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að hluti af svæðinu er á skrá fyrir svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun.¹ Um er að ræða svæði í hættuflokki 2 þar sem áður hafa verið malbikunarsvöðvar. Í greinargerðinni kemur ekki fram að umrætt svæði sé á skrá yfir mengaðan jarðveg, en samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg skal taka mið af skrá fyrir svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða þar sem grunur er um mengun við gerð skipulags.

Virðingarfyllt,

Rakel Sæmundsdóttir
sérfræðingur
Kristín Kröyer
sérfræðingur

¹ <https://kortasja.ust.is/mapview/?app=MENGJ&>



Mál nr. 84/2025

Nýtt deiliskipulag USK24120106

Reykjavíkurborg

Puríður María Guðmundsdóttir, í umboði fyrir Reykjavíkurborg

Umsögn vegna nýs deiliskipulags vegna Borgarlínu Lotu 1 á Ártúnshöfða

Nýtt deiliskipulag vegna Borgarlínu lotu 1 – Ártúnshöfði 2 hefur verið sent til Vegagerðarinnar til umsagnar.

Vegagerðin fagnar þessum áfanga í þeirri vegferð að bæta almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og ítrekar mikilvægi þess að tryggja framgang framkvæmda til að fyrirhugaður ávinningur í samgöngum komi sem fyrst fram.

Nýtt deiliskipulag á Ártúnshöfða 2 nær ekki yfir þjóðvegi í umsjá Vegagerðarinnar eða veghelgunarsvæði þeirra.

Vegagerðin hefur yfirfarið innsend gögn skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, og gerir ekki athugasemdir en bendir á eftirfarandi:

Í deiliskipulagi kemur fram að áhrif á umferðaröryggi og samgöngur verði jákvæð. Óvissa felst í þessari fullyrðingu miðað við þau gögn sem lögð eru fram. Æskilegt er að umferðarmat liggi fyrir við upphaf deiliskipulagsvinnunnar.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar.
Cecilía Þórðardóttir
Verkefnastjóri á Höfuðborgarsvæði

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurrhau 3
210 Garðabær

+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 26. febrúar 2025

Efni: Umsögn Veitna vegna deiliskipulags Borgarlínu 1.lotu – Ártúnshöfði 2.
Mál 84/2025

Veitur hafa fengið til umsagnar deiliskipulagstillögu Borgarlínu 1.lotu – Ártúnshöfði 2. Með tilkomu nýs deiliskipulags verður bætt við nýju göturými fyrir Borgarlínu frá Sævarhöfða að Krossamýrartorgi ásamt einni stöð, Sævarhöfða. Hjóla- og göngustígum er bætt við beggja vegna Borgarlínubrauta og þannig er tryggt aðgengi virkra ferðamáta við götuna. Akreinar fyrir almenna bílaumferð verða að mestu leyti einbreiðar, nema við gatnamót Sævarhöfða og Stórhöfða. Þá er grænni ásýnd gatnanna aukin með skilgreindum svæðum fyrir gróður og regnvatnslausnum ofanjarðar.

Veitur hafa farið yfir fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu og vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Veitur telja mikilvægt að fjallað sé um lagnaleiðir Veitna í fyrirbyggjandi tillögu. Hins vegar hefur þegar verið unnin forhönnun þar sem lagnaleiðir hafa verið skilgreindar. Þar sem fyrirhugað er að þetta byggð meðfram Borgarlínu er nauðsynlegt að lagnaleiðir séu tryggðar og sýnilegar og skýrt skilgreindar í deiliskipulagi.

Þétting byggðar og aukið byggingarmagn meðfram Borgarlínu kallar á viðeigandi skipulagningu innviða, og mikilvægt er að lagnakerfi geti þjónað framtíðarþörfum svæðisins án óþarfa raskana eða tafar. Óskipulagt borgarland, einkum í Reykjavík af skornum skammti víða í borginni. Þess vegna telja Veitur afar brýnt að gert sé ráð fyrir veitukerfum og þau séu sýnileg. Veitur óska eftir því að kvaðir fyrir lagnaleiðir verði sýndar á uppdráttum í samræmi við forhönnun. Með þessu verður tryggt að nauðsynlegir innviðir fylgi þróun svæðisins og að rekstur veitukerfa verði eins hnökralaus og hægt er til framtíðar.

Við viljum þakka fyrir gott samráð við Borgarlínuteymið og við leggjum ríka áherslu á áframhaldandi gott samstarf við hönnun og útfærslu verkefnisins. Við óskum eftir því að þessar athugasemdir verði teknar til greina og að skipulagstillagan verði uppfærð í samræmi við þær.

Í ljósi þess að um er að ræða fyrsta auglýsta deiliskipulag Borgarlínu telja Veitur mikilvægt að kvaðir og lagnaleiðir séu skýrar á uppdráttum til að tryggja innviðir meðfram Borgarlínu séu tryggðir til framtíðar.

Virðingarfyllst,
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir



Umsögn

Varðar: Nýtt deiliskipulag, Borgarlínu 1. Lota – Ártúnshöfði svæði 2

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju nýtt deiliskipulag Ártúnshöfða svæði 2, uppdráttur dags 10. desember 2024 og greinargerð dags. 13. desember 2024. Greinagerðin er uppfærð þann 5. ágúst 2025.

Tillagan er hluti af 1. lotu Borgarlínu og afmarkast af gatnamótum Sævarhöfða og Stórhöfða til vesturs, deiliskipulagsmörkum Ártúnshöfða við Elliðaárvog svæðis 1 til austurs og deiliskipulagsmörkum Ártúnshöfða við Elliðaárvog svæðis 2A til norðurs. Til suðurs afmarkast svæðið af lóðamörkum sunnan Stórhöfða og deiliskipulagsmörkum Elliðaárvogs við Ártúnshöfða svæði 2C. Með tilkomu nýs deiliskipulags verður bætt við nýju göturými fyrir Borgarlínu frá Sævarhöfða að Krossamýrartorgi ásamt einni stöð, Sævarhöfða. Hjóla- og göngustígum er bætt við beggja vegna Borgarlínubrauta og þannig er tryggt aðgengi virkra ferðamáta við götuna. Akreinar fyrir almenna bílaumferð verða að mestu leyti einbreiðar, nema við gatnamót Sævarhöfða og Stórhöfða. Þá er grænni ásýnd gatnanna aukin með skilgreindum svæðum fyrir gróður og regnvatnslausnum ofanjarðar.

Ábendingar og umsagnir bárust á auglýsingartíma og eru viðbrögð við þeim listað upp í þessari umsögn.

Tillagan var auglýst frá 23. janúar 2025 til og með 6. mars 2025.

Umsagnir og ábendingar bárust:

Nr.	Umsagnaraðili / stofnun	Dagsetning
1	Landssamtök hjólréiðamanna	20. febrúar 2025
2	Veitur	20. febrúar 2025
3	Ingibjörg Tómasdóttir	28. febrúar 2025
4	Umhverfis- og orkustofnun	4. mars 2025
5	Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar	5. mars 2025
6	Vegagerðin	5. mars 2025
7	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins,	6. mars 2025
8	Dýraverndarsamband Íslands	6. mars 2025
9	Minjastofnun Íslands	10. mars 2025

Samantekt:

Almennt ganga ábendingar hagsmunaaðila út á:

Umferð, aðgengi og öryggi: Áhyggjur af akreinum, öryggi og aðgengi gangandi, hjólandi og neyðarbíla.

Innviðir og framkvæmdir: Krafa um skýrar lagnaleiðir og samráð vegna flókins framkvæmdafasa.

Náttúra og mengun: Vernd fuglalífs og viðbrögð við jarðvegsmengun og ofanvatni.

Minjar og framsetning: Áhersla á skráningu byggingararfs og að gögn séu skýr og vönduð.

Almennt yfirlit uppfærslu:

Í uppfærðri greinagerð tillögu dags. 5. ágúst 2025 hefur verið tekið mið af athugasemdum sem bárust frá hagsmunaaðilum. Helstu uppfærslur eru eftirfarandi:

- Greinargerð og uppdættir hafa verið leiðrétt og uppfærð til að tryggja betri framsetningu, málfar og læsileika.
- Skerpt hefur verið á umfjöllun um ofanvatnslausnir og mengun; settir eru skýrari skilmálar um rannsóknir og mótvægisáðgerðir.
- Öryggi og aðgengi gangandi og hjólandi er tryggt með hönnunarleiðbeiningum. Hjólastæði verða við stöðvar.
- Samráð við veitufyrirtæki tryggir að innviðir samræmist uppbyggingu og framtíðarþörfum svæðisins.
- Neyðarbílar hafa aðgang að Borgarlínuakreinum og tekið er tillit til aðkomu- og beygjubreyta fyrir stærri ökutæki.
- Skráning og skjalfesting iðnaðarhúsa – grjótmulningsstöðin - verður unnin í samráði við Minjastofnun.

Að öðru leiti er skipulagsáætlunin óbreytt.

Efnislegar ábendingar sem bárust eru eftirfarandi:

1. Landssamtök hjólréðamanna

Sjá – Viðhengi 1 – Athugasemdir, Landssamtök hjólréðamannaViðhengi 1 – Athugasemdir,

Ábendingar og viðbrögð:

	Ábendingar:	Viðbrögð
a	Hjólastígar tengdir Borgarlínu skulu hönnuð samkvæmt Hönnunarleiðbeiningum fyrir hjólréðar frá 2019 eða nýrri útgáfu. Hjólandi eiga ekki að þurfa að taka krappar beygjur eða sveigjur til að komast yfir gatnamót. Þveranir skulu vera beinar og greiðar líkt og fyrir akandi umferð.	Hönnunarleiðbeiningum fyrir hjólréðar er fylgt við hönnun stíga í Borgarlínuverkefninu og hugað að þægindum fyrir hjólandi vegfarendur eins og hægt er.
b	Öll tiltæk úrræði í reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra ættu að vera nýtt, auk frumkvæðis að frekari viðbótum í reglugerðina.	Reglugerð um umferðarmerki er fylgt við hönnun í Borgarlínuverkefninu og almennt eru samtöl tekin við yfirvöld eins og þörf krefur.

c	Á öllum Borgarlínustöðvum ætti að vera gert ráð fyrir hjólastæðum, jafnvel með tengjum fyrir hleðslu rafhjóla.	Gert er ráð fyrir að hjólastæðum í nálægð við allar stöðvar, annað hvort verður þeim komið fyrir í göturýminu, þar sem það er hægt, eða að sveitarfélagið kemur þeim fyrir í nálægð við stöðvarnar.
---	--	---

2. Veitur

Sjá – Viðhengi 2 – Umsögn, VeiturViðhengi 1 – Athugasemdir,

Ábendingar og viðbrögð:

	Ábendingar:	Viðbrögð
a	Nauðsynlegt að fjalla um lagnaleiðir Veitna í fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu og kvaðir þeirra. Tryggja þarf að lagnaleiðir séu sýnilegar og skýrt skilgreindar í skipulagi.	Í gildandi skipulagsreglugerð nr. 90/2013, sérstaklega í 5. mgr. 5.3.2. gr., kemur fram að gert skuli grein fyrir „helstu lagnaleiðum og innviðum“ þar sem það á við. Í þessu tilviki hefur þegar verið unnin ítarleg forhönnun fyrir Borgarlínuverkefnið þar sem lagnaleiðir Veitna eru skilgreindar og teknar til skoðunar í hönnunarferlinu. Í ljósi þess að um er að ræða flókið samgönguverkefni með fjölbreyttum og víðtækum hönnunaráskorunum er talið heppilegra að útfærsla veitukerfa og lagna komi fram í sértækum verk- og framkvæmdagögnum, fremur en í deiliskipulagi, enda er það í samræmi við framkvæmdavenjur í slíkum tilvikum.
b	Tryggja þarf að veitukerfi geti þjónað framtíðarþörfum svæðisins án óþarfa raskana eða tafar. Óskipulagt borgarland er takmarkað í Reykjavík, því er mikilvægt að veitur og innviðir séu í samræmi við þróun svæðisins.	Í drögum að deiliskipulagi hefur verið tekið mið af fyrirbyggjandi forhönnun Veitna og leitast við að tryggja að nægt svigrúm sé til staðar fyrir lagnir innan götu- og almenningsrýmis. Þar að auki hefur verið í gangi virkt samráð við Veitur og aðra innviðaaðila, sem verður áfram lykilatriði við hönnun og framkvæmd. Að því sögðu er ljóst að áframhaldandi samvinna við Veitur er nauðsynleg til að tryggja að lagnaleiðir og aðrir innviðir verði meðhöndlaðir á skilvirkan og faglegan hátt í samræmi við þróun svæðisins.

3. Ingibjörg Tómasdóttir

Sjá – Viðhengi 3 – Athugasemdir, Ingibjörg Tómasdóttir Viðhengi 1 – Athugasemdir,

Ábendingar og viðbrögð:

	Ábendingar:	Viðbrögð
a	Prófarkalesa allt skipulagsgagn – málvillur og ónákvæmni draga úr trúverðugleika.	Greinagerð og uppdráttur hefur verið leiðréttur með tilliti til stafsetningar og málfars.
b	Endurskoða og útskýra texta í lykilköflum, t.d. 3.2, 3.4 og 3.3.16, með tilliti til skiljanleika og samhengi. Bæta skýringarkort – auka læsileika og sjónrænan stuðning við greinargerðina.	Kaflarnir 3.2 og 3.4 hafa verið yfirfarnir með það að markmiði að tryggja samhengi og skýr framsetning sé til staðar. Kafli 3.3.16 um brúartengingu hefur einnig verið útskýrður betur, með myndrænni framsetningu til að styðja við textann þar sem við á. Varðandi skýringarkort hefur mynd 3.4 verið uppfærð
c	Skýra betur ofanvatnslausnir og hlutverk þeirra.	Uppfært hefur umfjöllun um blágrænarofanvatnslausn, sjá nánar umsögn 5b.
d	Tryggja að aðgengi gangandi að Borgarlínustöðvum verði öruggt og vel skilgreint.	Öryggi gangandi og hjólandi er sett í forgrunn við skipulagningu Borgarlínu. Verður því á síðari hönnunarstigum tryggt að aðgengi gangandi að stöðvum verði öruggt. Hönnunarleiðbeiningum fyrir gangandi og hjólandi er fylgt við hönnun stíga í Borgarlínuverkefninu.
e	3.3.16. Brú – Austurendi Stórhöfða þarf að leiðrétta því gatan endar ekki við þetta skipulagssvæði.	Eftirfarandi hefur verið lagfært: 3.3.16. Brú Austurendi <u>skipulagssvæðis</u> verður með brúartengingu við Ártúnshöfða. Gert er ráð fyrir að göngu- og hjólastígar liggi undir brúna, auk garðrýmis og ofanvatnsrásar sem tengir saman skipulagssvæði Elliðaárvogs-Ártúnshöfða 2A og 2C

4. Umhverfis- og orkustofnun

Sjá – Viðhengi 4 – Umsögn, Umhverfis- og orkustofnunViðhengi 1 – Athugasemdir,

Ábendingar og viðbrögð:

	Ábendingar:	Viðbrögð
a	Umhverfisstofnun bendir á að hluti skipulagssvæðisins sé skráður sem mengaður eða grunaður um mengun samkvæmt opinberri skrá. Um er að ræða svæði í hættuflokki 2 þar sem áður voru malbikunarstöðvar. Þessar upplýsingar koma ekki fram í greinargerð, en samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 skal slíkt tekið með í reikning við skipulagsgerð.	Tekið hefur verið tillit til þessara upplýsinga við uppfærslu greinargerðar og þær skráðar með skýrum hætti í samræmi við 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2020. Einnig verður tekið tillit til þessa í skilmálum skipulags, og sett ákvæði um frekari rannsóknir og viðeigandi mótvægisáðgerðir ef niðurstöður gefa tilefni til. Markmið er að tryggja öryggi notenda og umhverfis, og verður leitast við að samhæfa framkvæmd og áætlanir við viðeigandi stofnanir áður en jarðrask fer fram.

5. Heilbrigðiseftirlit

Sjá – Viðhengi 5 – Umsögn, HeilbrigðiseftirlitViðhengi 1 – Athugasemdir,

Ábendingar og viðbrögð:

	Ábendingar:	Viðbrögð
a	HER vill benda á að fyrirhuguð lega Borgarlína er á svæði þar sem mælingar hafa sýnt að jarðvegsmengun er til staðar. Setja þarf í skilmála skilyrði um að farið verði í ítarlegar mengunarrannsóknir á svæðinu áður en framkvæmdir við Borgarlínu hefjast.	Sjá viðbrögð við ábending 4.a

b	Huga þarf vel að ofanvatnslausnum á þessu svæði vegna nálægðar við Elliðaár. Tengja þarf blágrænar ofanvatnslausnir vegna Borgarlínu við kerfi blágrænna ofanvatnslausna fyrir nýja íbúðarbyggð á Ártúnshöfða. Skerpa má á þessu í skilmálum til að tryggja að ofanvatn geti ekki haft áhrif á vatnsgæði ána.	Texti varðandi blágrænar ofanvatnslausnir í kafla 1.9.4 hefur verið uppfærður á eftirfarandi hátt: „Með hliðsjón af nálægð við Elliðaár er mikilvægt að allar blágrænar ofanvatnslausnir verði hannaðar og útfærðar með það að markmiði að tryggja að ofanvatn hafi ekki neikvæð áhrif á vatnsgæði árinna. Blágrænar ofanvatnsrásir, sem taka við ofanvatni frá götum, gangstéttum og bílastæðum, skulu tengjast kerfi sem fer sérstaklega varlega með mögulega mengun og tryggir að ofanvatn sem fer í ána sé hreinsað og útfært þannig að það hefur ekki áhrif á vatnsgæði. Einnig skal hugað að því að tengja blágrænar ofanvatnslausnir við kerfi sem er sérstaklega hannað til að leiða ofanvatn frá svæðinu í kerfi sem er öruggt fyrir náttúruauðlindir og vatnsgæði, með sérstakri áherslu á Elliðaá. Sérstök athygli skal einnig veitt því að ofanvatn sem safnast á svæðinu verði fyrst og fremst nýtt til að hlaða upp grunnvatni innan svæðisins áður en það er leitt burt með öruggum hætti.“
---	---	---

6. Vegagerðin

Sjá – Viðhengi 6 – Umsögn, VegagerðinViðhengi 1 – Athugasemdir,

Ábendingar og viðbrögð:

	Ábendingar:	Viðbrögð
a	Í deiliskipulagi kemur fram að áhrif á umferðaröryggi og samgöngur verði jákvæð. Óvissa felst í þessari fullyrðingu miðað við þau gögn sem lögð eru fram. Æskilegt er að umferðarmat liggi fyrir við upphaf deiliskipulagsvinnunnar.	Umferðaröryggisrýni er gerð á öllum hönnunarstigum Borgarlínu þ.e. frumdraga-stigi, forhönnun og verkhönnun. Það liggur fyrir umferðaröryggismat á forhönnun Stórhöfða því þar er forhönnun lokið.

7. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Sjá – Viðhengi 7 – Umsögn, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisinsViðhengi 1 – Athugasemdir,

Ábendingar og viðbrögð:

	Ábendingar:	Viðbrögð
a	Akbrautir Borgarlínu þurfa að vera opnar öllum viðbragðsaðilum öllum stundum,	Hefur verið uppfært.

	bæði í forgangsakstri og almennum akstri.	Allir neyðarbílar (lögregla, sjúkrabílar, slökkvilið) mega nota Borgarlínuakreinar, hvort sem þeir eru í neyðarakstri eða ekki.
b	Óskýrt orðalag – þarf að vera skýrt að allir neyðarbílar (lögregla, sjúkrabílar, slökkvilið) hafi aðgang hvort sem þeir eru í forgangsakstri eða ekki.	Hefur verið uppfært – „Neyðarbílar (lögregla, sjúkrabílar, slökkvilið) mega nota Borgarlínuakreinar, hvort sem þeir eru í neyðarakstri eða ekki.“
c	Þurfa að tryggja að neyðarbílar festist ekki inni á Borgarlínubrautum, t.d. við stoppistöðvar. Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir hindrunarlausu aðgengi út af Borgarlínubraut og inn á almenna akbraut á viðeigandi stöðum.	Ef neyðarbíll í forgangsakstri kemur að stöð þar sem vagn er stopp báðum megin þá geta vagnarnir fært sig fram eða aftur til að hleypa framhjá. Gert er ráð fyrir aðgengi út af Borgarlínuakreinum á viðeigandi stöðum sem útfært verður nánar á næsta hönnunarstigi.
d	Hæð á götuköntum þarf að vera þannig að neyðarbílar geti ekið inn og út án vandræða.	Athugasemd verður komið áfram til réttra aðila, verður þetta útfært nánar á næsta hönnunarstigi. Á verkhönnunarstigi verður skoðað nánar fyrirkomulag varðandi: Að hæð götukanta og efnisval við aðkeyrslur geri kleift að neyðarbílar geti ekið yfir kanta án vandræða. Að inngarðar, torg, og bílastæði aðliggjandi svæða (deiliskipulagsáætlan) sem gegna aðkomuhlutverki hafi aðlagaðar lausnir, svo sem lækkaða kanta. Að engin föst mannvirki eða verulegur hæðarmunur hindri greiða för stærri ökutækja við neyðartilvik. Þetta er í samræmi við viðmið slökkviliðs og byggingarreglugerðar, og verður staðfest í verkeikningum sem liggja fyrir við útgáfu framkvæmdaleyfis. Þá mun einnig verða tryggt að slík atriði verði samræmd við verklag og kröfur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og annarra viðeigandi fagaðila.
e	Tryggja þarf að nýjar götur og beygjur séu nægjanlega breiðar fyrir stærri tæki slökkviliðs ásamt nægjanlegu burðarpoli. Hafa þarf í huga að umferðarmannvirki hefti ekki aðgengi slökkvi- og sjúkrabíla	Í verkhönnun verður tryggt að nýjar götur og beygjur séu nægjanlega breiðar fyrir stærri slökkviliðs- og björgunartæki, með nægjanlegu burðarpoli.

að aðkomusvæðum bygginga sem fyrir eru eða áætlaðar eru á svæðinu.	Götur og mannvirki verða hannaðar í samræmi við núgildandi reglugerðir og miðað við hönnunarfarartæki gefnu upp af Reykjavíkurborg, og þannig að slökkvi- og sjúkrabílar geti haft óhindraðan aðgang að aðkomusvæðum bygginga, bæði fyrir núverandi og áætlaðar byggingar. Einnig má nefna að öll ný göturými eru hönnuð í samræmi við ákvæði aðalskipulags og rammahluta sem leggja ríka áherslu á algilda hönnun og öryggi allra notenda, þar með talið viðbragðsaðila.
--	---

8. Dýraverndarsamband Íslands

Sjá – Viðhengi 8 – Athugasemdir, Dýraverndunarsamband ÍslandsViðhengi 1 – Athugasemdir,

Ábendingar og viðbrögð:

	Ábendingar:	Viðbrögð
a	Þrátt fyrir rask er fjölbreytt lífríki á svæðinu sem þarf að vernda við skipulag og framkvæmdir.	Tekið er undir mikilvægi þess að standa vörð um lífríki á svæðinu og verður það haft til hliðsjónar við hönnun og framkvæmd.
b	Fuglalíf hefur fengið neikvætt mat; fuglar á valista finnast og náttúrulegir leirar eru viðkvæmir.	Gætt verður að því að framkvæmdir hafi sem minnst áhrif á fuglalíf og verndarsvæði, einkum leira sem eftir eru.
c	Fjölbreytt fuglalíf við settjarnir og bakka krefst sérstakrar verndar, einkum á varptíma.	Á framkvæmdatíma verður hugað að varptíma og leitast við að forðast rask á viðkvæmum fuglasvæðum.
d	Verktakar þurfa skýrar leiðbeiningar og verkáætlun um hvernig taka skuli tillit til náttúru.	Sett verða skýr ákvæði í verkáætlun og verklagsreglur sem tryggja að verktakar taki tillit til viðkvæms lífríkis.
e	Tempra þarf hraða og huga að hönnun vegna þess að fuglar fara oft út á götu.	Á Stórhöfða verður hámarkshraði 40 km/klst samkvæmt umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurborgar.
f	Geirsnef er mikilvægur útivistastaður og aðgengi þarf að tryggja áfram fyrir hunda og eigendur.	Geirsnef er utan þessa deiliskipulagssvæðis en hjá Reykjavíkurborg er nú unnið að undirbúningi þess að hefja deiliskipulagsgerð fyrir Geirsnef með tilheyrandi samráðsferli þegar þar að kemur.

9. Minjastofnun Íslands

Sjá – Viðhengi 9 – Umsögn, Minjastofnun ÍslandsViðhengi 1 – Athugasemdir,

Ábendingar og viðbrögð:

	Ábendingar:	Viðbrögð
a	Minjastofnun Íslands hvetur Reyjavíkurborg enn og aftur , til að endurskoða ákvarðanir um að rífa þessi hús og kanna til fulls hvort mögulegt sé að varðveita húsin í einhverri mynd og gefa þeim nýtt hlutverk. Að öðrum kosti telur Minjastofnun afar mikilvægt að húsin og innréttingar þeirra verði mæld, teiknuð og skrásett með vönduðum hætti áður en til niðurrifs kemur til að varðveita heimildir um staðbundna og sérhæfða verkunnáttu, efnisnotkun og byggingarlist þessa iðnarðarhúsnæðis.	Ákvörðun hefur verið tekin um að húsin víki fyrir skipulögðum framkvæmdum. Í ljósi ábendinga Minjastofnunar hefur umfjöllun um mikilvægi skrásetningar og varðveislu heimilda um húsin verið bætt í greinargerð. Á eftirfarandi hátt: 3.2.4. Fornleifar og menningarminjar Húsakönnun og skráning fornleifa hefur farið fram fyrir svæðið. Samkvæmt þeirri skýrslu eru engar fornleifar á deiliskipulagssvæðinu en einar minjar, Ártún nr. 263-44 (Grjótnám Reykjavíkur) og njóta þær verndar í grænum flokki. Í húsakönnun Ártúnshöfða, svæði 1-4 er lagt til að grjótmulningshúsin sem mynda húsaröð, við Sævarhöfða 6-10, njóti verndar í gulum flokki með hverfisvernd í deiliskipulagi. Þar sem; „Þau mynda eina heild og eru sem slík merkileg heimild um þann iðnað sem stundaður hefur verið á staðnum frá upphafi grjót- og sandnáms bæjarins við Elliðaárvog. Eins og hefur komið fram stendur umrædd húsaröð þvert á fyrirhugaða legu borgarlínu. Til þess að framfylgja megi áætlun deiliskipulags þurfa allar núverandi byggingar á deiliskipulagssvæðinu að víkja ásamt umrædd húsaröð. Tekin hefur verið ákvörðun um að húsin víki fyrir skipulögðum framkvæmdum. Í ljósi ábendinga Minjastofnunar um mikilvægi skrásetningar og varðveislu heimilda verður unnið í samráði við Minjastofnun við mælingu, teiknun og skráningu húsanna og innréttinga þeirra með vönduðum hætti áður en niðurrif fer fram, til að tryggja varðveislu heimilda um byggingararf og iðnaðarverkunnáttu svæðisins. Húsakönnun og skráning fornleifa má nálgast í eftirfarandi skýrslum:

b	Skilgreina þarf verklag ef upp koma minjar við framkvæmdir.	Er það nú þegar í greinagerð skipulags í kafla 3.2.4 Fornleifar og menningarminjar. „Við framkvæmdir skal þó hafa í huga að horfnar minjar gætu leynst undir eldri mannvirkjum og í jörðu. Fara skal með gát við allar framkvæmdir. Þá skal minna á 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir að ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar og hafa samband við Minjastofnun Íslands.“
---	---	--

Niðurstaða:

Við kynningu deiliskipulagstillögunnar bárust nokkrar umsagnir og athugasemdir frá stofnunum og samtökum. Almennt var fjallað um aðgengi, umhverfis- og dýravernd og menningarminjar.

Ábendingar hafa verið metnar og þar sem tilefni þótti til var tillagan uppfærð eða ákveðið að taka málefni til frekari skoðunar á næsta stigi. Önnur atriði hafa verið svarað með rökstuðningi, m.a. með vísan í gildandi stefnumótun og lög.

Gætt hefur verið að því að veita öllum umsagnaraðilum formlegt svar í samræmi við ákvæði skipulagslaga.

Lagt er til að uppfærð deiliskipulagstillaga dags. 10. desember 2024 ásamt greinagerð dags. 13. desember 2024 (uppf. 5. ágúst 2025) verði samþykkt.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur,
Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur M.Sc.

Viðhengi - Ábendingar og umsagnir sem bárust eru eftirfarandi:

Viðhengi 1 – Athugasemdir, Landssamtök hjólréiðamanna



Landssamtök hjólréiðamanna

<https://skipulagsgatt.is/issues/2025/84>

Reykjavík 20. febrúar 2025

Umsögn um: Borgarlína 1. lota - Ártúnshöfði 2

Umsagnarnefnd Landssamtaka hjólréiðamanna (LHM) hefur skoðað kynningu á tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir göturými á Ártúnshöfða 2 en um er að ræða svæði sem verður neðsti hluti Stórhöfða og tengist við Sævarhöfða.

Tillagan er hluti af 1. lotu Borgarlínu og afmarkast af gatnamótum Sævarhöfða og Stórhöfða til vesturs, deiliskipulagsmörkum Ártúnshöfða við Elliðaárvog svæðis 1 til austurs og deiliskipulagsmörkum Ártúnshöfða við Elliðaárvog svæðis 2A til norðurs. Til suðurs afmarkast svæðið af lóðamörkum sunnan Stórhöfða og deiliskipulagsmörkum Elliðaárvogs við Ártúnshöfða svæði 2C. Með tilkomu nýs deiliskipulags verður bætt við nýju göturými fyrir Borgarlínu frá Sævarhöfða að Krossamýrartorgi ásamt einni stöð, Sævarhöfða. Hjóla- og göngustígum er bætt við beggja vegna Borgarlínubrauta og þannig er tryggt aðgengi virkra ferðamáta við götuna. Akreinar fyrir almenna bílaumferð verða að mestu leyti einbreiðar, nema við gatnamót Sævarhöfða og Stórhöfða. Þá er grænni ásýnd gatnanna aukin með skilgreindum svæðum fyrir gróður og regnvatnslausnum ofanjarðar.

Ábendingar LHM við deiliskipulagið

3.3.4. Hjólastígar

Í öllum tilfellum gerir LHM ráð fyrir því að við hönnun hjólastíga tengdum Borgarlínu verði

HÖNNUNARLEIÐBEININGAR FYRIR HJÓLREIÐAR

Leiðbeiningar sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins og Vegagerðarinnar

19.12.2019

(eða síðari útgáfu) fylgt í hvívetna, að öll tiltæki úrræði í *reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra* verði nýtt, og að haft verði frumkvæði að frekari tillögum um viðbætur í þá reglugerð eins og þörf er á.

Til mikils er að vinna fyrir grænar og virkar samgöngur, sem styðja við loftlagsmarkmið og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, sem og til þess að reyna að draga úr aukningu á bílaumferð, að hjólastígar hvetji til hjólréiða og tengist vel við núverandi og komandi hjólastíga. Hjólaleiðir þurfa að vera eindregnar, beinar, greiðar og án óþarfa hæðarbreytinga eins og frekast er kostur; en umfram allt öruggar jafnvel þó svo það sé á kostnað meintra þæginda bílstjóra.

3.3.6.1. Ljósastýrð gatnamót

Gatnamót Sævarhöfði - Stórhöfði

Fram kemur að á uppdætti er sýnd leiðbeinandi útfærsla en fullnaðarhönnun gatnamótanna er ekki lokið. LHM leggur áherslu á að þveranir hjólandi yfir gatnamót séu beinar og greiðar líkt og þveranir

akandi og séu ekki lakari en þær. Þótt ekki sé um fullnaðarhönnun gatnamótanna að ræða vilja samtökin benda á þetta atriði á þessu stigi.

3.3.11. Hjólastæði

Gert er ráð fyrir hjólastæðum á aðkomusvæði stöðvar eða torgsvæði.

Að mati LHM ætti að vera gert ráð fyrir stæðum fyrir reiðhjól og hlaupahjól á öllum borgarlínustöðvum kannski með undantekningu af stöðvum í miðborginni þar sem geta verið stæði aðgengileg alveg í grennd við borgarlínustöðvar. Á stöðvum má líka gera ráð fyrir tengjum fyrir hleðslu rafhjóla.

Gæta þarf sérstaklega að þeim vandamálum sem leigurafhlaupahjól skapa. Slæm reynsla er af því hvernig leigjendur skilja við þau út um allt, hvort sem er mitt á hjólastígum eða gangstéttum og við bíðskýli. Huga þarf að góðum lausnum svo leigurafhlaupahjólum verði ekki illa lagt á stoppistöðvum Borgarlínu í því samhengi.

LHM hafa ítrekað bent á vandræðin sem hafa fylgt leigurafhlaupahjólum, t.d. í bréfi: „*Mótæli við samninga við leigufyrirtæki með rafhlaupahjól*“ sem m.a. voru send Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ, Vegagerðinni og mörgum fleirum veghöldurum í lok des. / byrjun nóv. 2023.

Sveitarfélögin þurfa að finna lausn með fyrirtækjum sem reka þessa þjónustu þar sem skipulagðar eru fastar stöðvar þar sem skylda er að skila deilifarartækjum. Slíkar stöðvar ættu að vera á öllu stoppistöðvum Strætó og Borgarlínunnar, við alla grunn- og leikskóla, við verslanir og þjónustu og í flestum eða öllum götum á 1-2 stöðum. Þær ættu ýmist að vera í plani við gangstéttir þar sem pláss er en ella á að taka frá bílastæði í götuplani (sjá dæmi um slíkt þar sem bílastæði voru tekin af í Sturlugötu nálægt Torfhildargötu fyrir reiðhjóla- og rafskútustæði). Hönnun þeirra ætti að vera samræmd en til að byrja með er líklega nóg að grunnstöð sé merkt með skilti og að tveir eða fleiri hjólabogar eða statív fyrir hlaupahjól séu sett upp.

Landssamtök hjólréiðamanna vilja mjög gjarnan fá að skoða hönnunartillögur á síðari stigum eftir því sem þær verða til en gera þarf ráð fyrir að þær tillögur sem eru í 1. lotu eigi eftir að taka talsverðum breytingum í frekari hönnun.

Virðingarfyllt
f.h. stjórnar LHM

Árni Davíðsson

Um Landssamtök hjólréiðamanna

Landssamtök hjólréiðamanna (LHM) eru hagsmunasamtök sem hafa að markmiði m.a. að efla hjólréiðar á Íslandi sem heilsusamlegan lífsmáta og sem samgöngumáta. Öll helstu hjólréiðafélög landsins eiga aðild að LHM. Samtökin eru þó ekki aðeins málsvári félagsmanna hinna ýmsu hjólréiðafélaga sem telja yfir 2000 manns heldur eru þau jafnframt málsvári allra sem hjóla á Íslandi. LHM er aðildarfélag að European Cyclists' Federation, sem eru heildarsamtök fyrir hjólréiðafélög til samgangna og ferðalaga í Evrópu. Aðildarfélag ECF er að finna í flest öllum löndum Evrópu. LHM hlaut samgönguviðurkenningu Reykjavíkurborgar 2012 fyrir virka þátttöku og áhrif í að efla hjólréiðar á Íslandi.

Viðhengi 2 – Umsögn, Veitur



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 26. febrúar 2025

Efni: Umsögn Veitna vegna deiliskipulags Borgarlínu 1.lotu – Ártúnshöfði 2.
Mál 84/2025

Veitur hafa fengið til umsagnar deiliskipulagstillögu Borgarlínu 1.lotu – Ártúnshöfði 2. Með tilkomu nýs deiliskipulags verður bætt við nýju göturými fyrir Borgarlínu frá Sævarhöfða að Krossamýrartorgi ásamt einni stöð, Sævarhöfða. Hjóla- og göngustígum er bætt við beggja vegna Borgarlínubrauta og þannig er tryggt aðgengi virkra ferðamáta við götuna. Akreinar fyrir almenna bílaumferð verða að mestu leyti einbreiðar, nema við gatnamót Sævarhöfða og Stórhöfða. Þá er grænni ásýnd gatnanna aukin með skilgreindum svæðum fyrir gróður og regnvatnslausnum ofanjarðar.

Veitur hafa farið yfir fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu og vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Veitur telja mikilvægt að fjallað sé um lagnaleiðir Veitna í fyrirbyggjandi tillögu. Hins vegar hefur þegar verið unnin forhönnun þar sem lagnaleiðir hafa verið skilgreindar. Þar sem fyrirhugað er að þetta byggð meðfram Borgarlínu er nauðsynlegt að lagnaleiðir séu tryggðar og sýnilegar og skýrt skilgreindar í deiliskipulagi.

Þétting byggðar og aukið byggingarmagn meðfram Borgarlínu kallar á viðeigandi skipulagningu innviða, og mikilvægt er að lagnakerfi geti þjónað framtíðarþörfum svæðisins án óþarfa raskana eða tafar. Óskipulagt borgarland, einkum í Reykjavík af skömum skammti víða í borginni. Þess vegna telja Veitur afar brýnt að gert sé ráð fyrir veitukerfum og þau séu sýnileg. Veitur óska eftir því að kvaðir fyrir lagnaleiðir verði sýndar á uppdráttum í samræmi við forhönnun. Með þessu verður tryggt að nauðsynlegir innviðir fylgi þróun svæðisins og að rekstur veitukerfa verði eins hnökralaus og hægt er til framtíðar.

Við viljum þakka fyrir gott samráð við Borgarlínuteymið og við leggjum ríka áherslu á áframhaldandi gott samstarf við hönnun og útfærslu verkefnisins. Við óskum eftir því að þessar athugasemdir verði teknar til greina og að skipulagstillagan verði uppfærð í samræmi við þær.

Í ljósi þess að um er að ræða fyrsta auglýsta deiliskipulag Borgarlínu telja Veitur mikilvægt að kvaðir og lagnaleiðir séu skýrar á uppdráttum til að tryggja innviðir meðfram Borgarlínu séu tryggðir til framtíðar.

Virðingarfyllt,
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir



Viðhengi 3 – Athugasemdir, Ingibjörg Tómasdóttir

Sæl

Renndi yfir gögnin sem fylgja í auglýsingu um Borgarlínu.
Þe það sem lýtur að Ártúnshöfða.

Var þetta textinn ekki prófarkalesinn?

Gangstéttir eru gangstéttir ekki gangstéttar.

Vantar sögn til að samhengi sé í texta í **3.2.** og **3.4.** endar á eignarfalli??

Ég veit að ég þirra mig óþarflega mikið yfir svona fúski,
en þetta þarf að vera í lagi.

3.3.16 Brú

Hvað þýðir þetta?

Auk þess finnst mér skýringa kort ógreinileg og á erfitt með að átta mig á þeim.

Árnastofnun

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls.

gangstétt kvenkynsnafnorð

Eintala

án greinis með greini

Nf. gangstétt gangstéttin

Þf. gangstétt gangstéttina

Þgf. gangstétt gangstéttinni

Ef. gangstéttar gangstéttarinnar

Fleirtala

án greinis með greini

Nf. gangstéttir gangstéttirnar

Þf. **gangstéttir** gangstéttirnar

Þgf. gangstéttum gangstéttunum

Ef. gangstétta gangstéttanna

1.9.4. Blágrænar ofanvatnslausnir

Þegar möguleikinn er fyrir hendi skal ofanvatn sem fellur á svæði leyst með ofanvatnslausnum.

Blágrænar ofanvatnslausnir byggja á opnum ofanvatnslausum, sem taka við ofanvatni (regnvatni, ofankomu) og skulu þær mynda samfellt veitukerfi fyrir ofanvatnið. Ofanvatnslásir þjóna því hlutverki

að taka við, veita, hreinsa og hægja á flæði ofanvatns og koma í veg fyrir flóð af völdum rigninga og/eða

leysinga. Ofanvatnslásir taka við ofanvatni sem fellur á götur, **gangstéttar** og bílastæði. Leitast skal við

að koma sem mestu ofanvatni niður í grunnvatn innan skipulagssvæðis.

3.3.3. Göngustígar

Mikilvægt er að **gangstéttar** meðfram Borgarlínu séu rúmgóðar og greiðfærar fyrir alla. Götugögn, ljósastaurar og skilti skulu vera staðsett þannig að hjólastólar og barnavagnar komist óhindrað fram hjá.

3.2.

Staðan í dag og helstu breytingar frá núverandi ástandi

Fyrir liggur rammaskipulag Elliðaárvogs – Ártúnshöfða um uppbyggingu og þróun svæðisins sem byggjast upp í áföngum en svæðið tilheyrir svæði 2 samkvæmt rammaskipulagi. Svæði 2 afmarkast af

núverandi Ártúnshöfða til austurs, Elliðaám til vesturs og athafnasvæði steypustöðvar til suðurs. Til

norðurs snýr svæðið til sjávar. **Síðustu áratugi verið athafnasvæði og iðnaðarstarfsemi á svæðinu**, en

stærstu lóðir innan svæðisins hafa verið nýttar fyrir starfsemi malbikunarstöðvar og sendibílastöðvar

auk þess sem Sorpa rekur endurvinnslustöð á svæðinu. Ýmiskonar mannvirki fyrir atvinnustarfsemi

sem byggðust upp um miðbik síðustu aldar. Gert er ráð fyrir að öll þau mannvirki víki samhliða uppbyggingu á skipulagssvæðunum.

Mynd 3:4 Áætluð áfangaskiptin uppbyggingar og þróun byggðar á Ártúnshöfða og við Elliðaárvog, mynd unnin af Landslagi.

Landslag á Ártúnshöfða mótast af gömlum malarnámum sem skiptir hverfinu í tvö megin svæði sem

aðgreind eru af háum klettastalli sem rís hæst í um 24 m hæð yfir sjávarmáli, byggðina uppi á höfðanum

og byggðina niðri við Elliðaárvoginn. Elliðaárvogur er land þar sem áður var strandlína og sjór og landfylling sem hefur byggst upp í áföngum. Sævarhöfði liggur í gegnum svæðið norður-suður og er

gatan malbikuð. Yfirborð lands er að mestu þakið grasi og lágróðri vestan Sævarhöfða, en austan

Sævarhöfða er yfirborð ýmist malarhauga, malbik eða malarplön og götur. Á Ártúnshöfða eru Breiðhöfði og Stórhöfði fyrirbyggjandi megin götur auk þess sem **Svarthöfði tengir svæðið við Bryggjuhverfis**.

Austurendi Stórhöfða er við hringtorg, handan hans er Keldnavegur – ég skil ekki hvernig þetta gengur upp:

3.3.16. Brú

Austurendi Stórhöfða verður með brúartengingu við Ártúnshöfða. Gert er ráð fyrir að göngu- og hjólastígar liggja undir brúna, auk garðrýmis og ofanvatnsrásar sem tengir saman skipulagssvæði Elliðaárvogs-Ártúnshöfða 2A og 2C.

Til vesturs tengist deiliskipulagssvæðið brúarenda yfir Geirsnef. Sú brú er utan deiliskipulagssvæðisins.

Við fyrsta lestur hef ég mestar áhyggjur af því hvernig fótgangandi eiga að komast heilir á “brautarpallana”.

Þvert yfir akgreinar og hjólstíga.

Með bestu kveðjum og von um að frábærar almenningssamgöngur verði að veruleika.

Ingibjörg Tómasdóttir

120257-5289

Viðhengi 4 – Umsögn, Umhverfis- og orkustofnun

Fullgild rafnæn undirskrift

KRISTÍN ÞORSTEINSDÓTTIR KRÖYER

2025-03-04 14:25:34 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafnæn undirskrift

RAKEL SÆMUNSDÓTTIR

2025-03-04 14:38:08 GMT

Ástæða: Undirskrift



Reykjavíkurborg
Skipulagsfulltrúi
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 4. mars 2025
UOS2501380/R.S.
13.04.03

Efni: Ósk um umsögn - Deiliskipulag - Borgarlína 1. lota - Ártúnshöfði 2 - USK24120106

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst 23.1.2025 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að nýju deiliskipulagi vegna 1. lotu Borgarlínu á Ártúnshöfða í Reykjavík.

Í greinargerð kemur fram að um er að ræða skipulag fyrir 1. lotu Borgarlínunnar frá Sævarhöfða upp Stórhöfða að Ártúnshöfða.

Mengaður jarðvegur

Umfhverfis- og orkustofnun bendir á að hluti af svæðinu er á skrá fyrir svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun.¹ Um er að ræða svæði í hættuflokki 2 þar sem áður hafa verið malbikunarsvöðvar. Í greinargerðinni kemur ekki fram að umrætt svæði sé á skrá yfir mengaðan jarðveg, en samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg skal taka mið af skrá fyrir svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða þar sem grunur er um mengun við gerð skipulags.

Virðingarfyllst,

Rakel Sæmundsdóttir
sérfræðingur
Kristín Kröyer
sérfræðingur

¹ <https://kortasja.ust.is/mapview/?app=MENG&>



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Reykjavík 5. mars 2025
2025030041

Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

**Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 84/2025 í skipulagsgátt,
Borgarlína 1. lota - Ártúnshöfði 2 - USK24120106. Tillaga að nýju deiliskipulagi**

Vísað er til máls nr. 84/2025 í skipulagsgátt, Borgarlína 1. lota - Ártúnshöfði 2 - USK24120106. Tillaga að nýju deiliskipulagi. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn.

HER vill benda á að fyrirhuguð lega Borgarlína er á svæði þar sem mælingar hafa sýnt að jarðvegsmengun er til staðar. Setja þarf í skilmála skilyrði um að farið verði í ítarlegar mengunarrannsóknir á svæðinu áður en framkvæmdir við Borgarlínu hefjast.

Huga þarf vel að ofanvatnslausnum á þessu svæði vegna nálægðar við Elliðaár. Tengja þarf blágrænar ofanvatnslausnir vegna Borgarlínu við kerfi blágrænna ofanvatnslausna fyrir nýja íbúðarbyggð á Ártúnshöfða. Skerpa má á þessu í skilmálum til að tryggja að ofanvatn geti ekki haft áhrif á vatnsgæði anna.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri

Viðhengi 6 – Umsögn, Vegagerðin

Fullgildið rafrænt undirskrift

CECILÍA ÞÓRDARDÓTTIR
X075-33496 19-07-41 RAUT
Aðstaða: Undirskrift

Tilvísun 2024010092 / 2.1.2

Garðabær

06. mars 2025



Mál nr. 84/2025
Nýtt deiliskipulag USK24120106
Reykjavíkurborg
Þuríður María Guðmundsdóttir, í umboði fyrir Reykjavíkurborg

Umsögn vegna nýs deiliskipulags vegna Borgarlinu Lotu 1 á Ártúnshöfða

Nýtt deiliskipulag vegna Borgarlinu lotu 1 – Ártúnshöfði 2 hefur verið sent til Vegagerðarinnar til umsagnar.

Vegagerðin fagnar þessum áfanga í þeirri vegferð að bæta almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og ítrekar mikilvægi þess að tryggja framgang framkvæmda til að fyrirhugaður ávinningur í samgöngum komi sem fyrst fram.

Nýtt deiliskipulag á Ártúnshöfða 2 nær ekki yfir þjóðvegi í umsjá Vegagerðarinnar eða veghelgunarsvæði þeirra.

Vegagerðin hefur yfirfarið innsend gögn skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, og gerir ekki athugasemdir en bendir á eftirfarandi:

Í deiliskipulagi kemur fram að áhrif á umferðaröryggi og samgöngur verði jákvæð. Óvissa felst í þessari fullyrðingu miðað við þau gögn sem lögð eru fram. Æskilegt er að umferðarmat liggi fyrir við upphaf deiliskipulagsvinnunnar.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar.
Cecilía Þórdardóttir
Verkefnastjóri á Höfuðborgarsvæði

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær

+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Viðhengi 7 – Umsögn, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins



Umhverfis- og skipulagssvið
B.t. Púriður María Guðmundsdóttir
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

6.3.2025

Umsögn SHS vegna tillögu að nýju deiliskipulagi, vegna máls nr. 0084/2025
Borgarlína 1. lota - Ártúnshöfði 2 - USK24120106

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, SHS, hefur fengið til umsagnar tillögu að deiliskipulagi vegna 1. lotu Borgarlínu - Ártúnshöfði 2.

Umsögn:

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins vill leggja áherslu á að akbrautir borgarlínu verði opnar öllum viðbragðsaðilum öllum stundum hvort sem er í forgangsakstri eða ekki. Í kafla 3.3.2. Borgarlínubrautir, bls. 22/29, segir: *Á deiliskipulagsuppdraetti eru merktar Borgarlínubrautir, sér akreinar fyrir almenningsamgöngur. Í sérrými almenningsamgangna er aðeins heimilaður akstur tengdur almenningsamgöngum og akstur neyðarbíla með forgangsljós.*

Af þessu orðalagi að dæma er óljóst hvort neyðarbílar þurfi að vera með forgangsljós kveikt eða nóg sé að hafa þau á bílnum. Að mati SHS ætti hér frekar að skilgreina akstur bíla sem leyfi hafa til neyðaraksturs, hvort sem um er að ræða lögreglu, slökkvilið eða sjúkrabíla.

SHS sér meðal annars fyrir sér að nýta akbrautir borgarlínu til sjúkraflutninga sem ekki eru allir farnir í forgangsakstri.

Ef að viðbragðsaðilar hafa aðgang að akbrautum borgarlínu þarf að passa að neyðarbílar festist ekki inni á þeim. Til dæmis við stoppistöðvar, þar eru líkur á að tveir vagnar stoppi samtímis og neyðarakstur bíll komist ekki framhjá. Á stöðum, framan við stoppistöðvar, þarf því að vera hindranalaust aðgengi út af borgarlínuakbraut inn á almenna akbraut. Passa þarf hæð á götuköntum á þeim stöðum þar sem hægt verður að keyra út af/inn á og huga að staðsetningu skilta.

Að öðru leiti þarf að tryggja að nýjar götur og beygjur séu nægjanlega breiðar fyrir stærri tæki slökkviliðs ásamt nægjanlegu burðarþoli. Hafa þarf í huga að umferðarmannvirki hefti ekki aðgengi slökkvi- og sjúkrabíla að aðkomusvæðum bygginga sem fyrir eru eða áætlaðar eru á svæðinu.

Virðingarfyllst,
f.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Atli Freyr Runólfsson
Sérfræðingur

Viðhengi 8 – Athugasemdir, Dýraverndunarsamband Íslands



Reykjavík, 6. mars 2025

Efni: Umsögn Dýraverndarsambands Íslands um skipulagstillögu Borgarlína 1. lota - Ártúnshöfði 2 - USK24120106.

Í ljósi aðstæðna á framkvæmdasvæði vill Dýraverndarsamband Íslands hvetja til þess að sérstakt tillit sé tekið til þess hvaða áhrif framkvæmdir við Elliðaárvog og á Geirsnefi geta haft á dýr. Þó að um sé að ræða mjög raskað svæði og að miklu leyti manngert umhverfi, þá þrífst þar fjölbreytt lífríki sem ber að standa vörð um.

Niðurstöður mats á umhverfisáhrifum (mál nr. 1378/2024) voru að þeir umhverfisþættir sem snúa að fuglalífi fengu vægiséinkunnina „nokkuð neikvætt“. Elliðaárvogur er hluti af mikilvægu fuglasvæði og við vinnu Tringa ehf. að úttekt á lífríki í tengslum við umhverfismatið fundust fuglategundir sem eru á valista Náttúrufræðistofnunar, þannig að mikilvægt hlýtur að teljast að halda neikvæðum áhrifum á fuglalíf í algjöru lágmarki. Sérstaklega á þetta við um það litla sem eftir er af náttúrulegum leirum á svæðinu.

Þá ber að nefna að fuglalíf á settjörnum og grónum bökkum milli eystri kvíslar Elliðaáa og Sævarhöfða er fjölbreytt og því mikilvægt að gæta þess að lágmarka rask, sérstaklega á varptíma fugla. Að fenginni reynslu við ýmsar framkvæmdir þarf að upplýsa verktaka sérstaklega um stöðuna og gera skýrt í verkáætlun hvernig taka skuli tillit til náttúru og fuglalífs.

Við endanlega hönnun svæðisins er rétt að hvetja til þess að reynt verði að tempra umferðarhraða um Sævarhöfða og grípa til annarra aðgerða til að bregðast við þeirri stöðu að vegna nálægðar fuglalífsins við götuna eiga fuglar það gjarnan til að ganga út á akbrautina.

Að lokum vill Dýraverndarsambandið minna á mikilvægi Geirsnefs fyrir lausagöngu hunda. Fyrirhugaðar framkvæmdir og frekari þróun svæðisins mega ekki skerða þau miklu lífsgæði hunda og eigenda þeirra sem felast í rúmgóðu opnu svæði miðsvæðis í höfuðborginni.

Virðingarfyllt,
Andrés Ingi Jónsson,
framkvæmdastjóri,
Dýraverndarsamband Íslands



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagssfulltrúi
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2025
MÍ202501-0096/ 6.09 / 4778

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.
henny@minjastofnun.is

Efni: Borgarlína 1 lota, Ártúnshöfði 2

Minjastofnun Íslands barst tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 23. janúar 2025 þar sem fram kom að Reykjavíkurborg óskaði eftir umsögn stofnunarinnar um nýtt deiliskipulag *Borgarlínu 1. lota Ártúnshöfði 2*, mál nr. 0084/2025. Hægt var að hlaða niður greinargerð, dagsett 13.12.2024 ásamt deiliskipulagsupprætti dagsettum 10.12.2024, unnið af Arkís arkitektum ásamt hönnunarteymi. Samkvæmt þeim gögnum er um er að ræða um það bil 500 metra kafla frá Sævarhöfða upp Stórhöfða að Ártúnshöfða. Svæðið tilheyrir svæði 2 samkvæmt rammaskipulagi þar sem borgarlínan gegnir lykilhlutverki í uppbyggingu svæðisins. Lega borgarlínunnar var valin með hliðsjón af landslangi og hallaviðmiðum. Eitt hús eða húsaröð sem samanstendur af fjórum byggingum, er innan skipulagssvæðisins og er fyrirhugað að rífa þau því þau standa þvert á fyrirhugaða legu borgarlínu. Gert er ráð fyrir einni almennri stöð (Sævarhöfði) á skipulagssvæðinu. Norðan og suðaustan við svæðið eru í vinnslu deiliskipulög Elliðaárvogur – svæði 2A og 2C. Fjallað er um fornleifar og menningarminjar í kafla 3.2.4 í greinargerðinni. Þar kemur réttilega fram að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja hefur farið fram og Minjastofnun staðfestir að hún uppfyllir kröfur um skráningu menningarminja vegna skipulagsgerðar. Í húsakönnuninni kemur fram að Grjótmulningshúsin hafi verið reist árið 1961, þau falla því ekki undir ákvæði laga nr. 80/2012 um friðun né umsagnarskyldu. Í skýrslunni er lagt til að húsin njóti verndar í deiliskipulagi því þau séu merkilegar heimildir um þann iðnað sem stundaður var á staðnum.

Fyrir liggur *Fornleifaskráning vegna Borgarlínu – Lotu 1, Ártúnshöfði – Fossvogur*, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur árið 2024, skýrsla nr. 230. Samkvæmt þeirri skýrslu eru engar fornleifar skráðar á svæðinu.

Fyrir liggur skýrslan, *Ártúnshöfði Svæði 1-4 Húsakönnun*, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur árið 2021, skýrsla nr. 211. Í þeirri skýrslu segir m.a.:

„Grjótmulningsstöðin var elst þeirra fyrirtækja sem Reykjavíkurbær átti og var starfrækt á Ártúnshöfða, en grjótið sem þar var notað við framleiðslu var meðal annars sprengt við Elliðaárvog en síðar í grjótnámi Reykjavíkurborgar í Selási. Grjótið frá Selási var flutt á stórum vögnum í Grjótmulningsstöðina á Ártúnshöfða. Þar tók við vinnsluferli í grjótmulningsstöð sem samanstendur af fjórum byggingum sem tengjast með færiband, byggðar 1961 eftir teikningum Rögnvaldar Þorsteinssonar bæjarverkfræðings. Grjótmulningsshúsin í grjótmulningsstöðinni eru einstök í borgarsögunni, meðal annars vegna þess að þar er um að ræða fágæta yfirbyggða starfsemi. Grjótið sem mulið var í grjótmulningshúsunum var meðal annars notað sem undirlag fyrir flestar götur borgarinnar. Starfsemin sem fram fór í húsunum hefur því sterk tengsl við innviðasögu Reykjavíkurborgar ásamt því að bera atvinnusögu svæðisins og sögu gatnamála vitni.“

Minjastofnun Íslands veitti umsögn um deiliskipulagstillögu fyrir Ártúnshöfða við Elliðaárvog - svæði 2, dagsett 31. janúar 2022 þar sem tekið var undir tillögu

Borgarsögusafns um varðveislugildi Grjótmulningshúsanna og hvatt til þess að kannað yrði hvort mögulegt væri að færa fyrirhugaða legu borgarlínu í suðurátt þar sem ekki eru varðveisluverð hús.


Minjastofnun Ísland telur það miður að ekki hafi verið farið eftir fyrri umsögn stofnunarinnar. Minjavörður fór á vettvang ásamt arkitekt stofnunarinnar og minjaráði Reykjavíkur og nágrennis þann 8. september 2023 og skoðaði húsinn og umhverfi þeirra. Afstaða Minjastofnunar varðandi varðveislugildi húsanna breyttist ekki við þá skoðun.

Er það mat Minjastofnunar að æskilegt hefði verið ef Reykjavíkurborg og hönnuðir skipulagsins hefðu einnig horft til hins byggða umhverfis og sögu svæðisins þegar lega borgarlínunnar var valin en ekki einungis landslags. Eins og fram hefur komið eru Grjótmulningshúsin einstakt dæmi um mannvirki sem endurspeglar iðnaðar- og atvinnusögu svæðisins sem byggðist upp um miðbik síðustu aldar og tengist uppbyggingarsögu Reykjavíkur sterkum böndum. Þrátt fyrir að húsinn sé sérhönnuð til að gegna ákveðnu hlutverki er ljóst að auðvelt ætti að vera að laga byggingarnar að nýju hlutverki með einhverjum breytingum. Staðsetning þeirra í nálægð við fyrirhugaða nýja borgarlínu gefur einnig möguleika á að nýta húsinn fyrir atvinnu- og þjónustustarfsemi sem tengist borgarlínustöð og þar með verða aðdráttarafl og kennileiti fyrir nýja íbúðabyggð. Sérstakt útlit húsanna myndi gefa þessu nýja hverfi sögulega dýpt sem ómögulegt er að skapa með nýjum byggingum.

Minjastofnun Íslands hvetur Reykjavíkurborg enn og aftur, til að endurskoða ákvarðanir um að rífa þessi hús og kanna til fulls hvort mögulegt sé að varðveita húsinn í einhverri mynd og gefa þeim nýtt hlutverk. Borgarlínan er enn teikning á blaði sem hægt er að færa til. Að öðrum kosti telur Minjastofnun afar mikilvægt að húsinn og innréttingar þeirra verði mæld, teiknuð og skrásett með vönduðum hætti áður en til niðurrífs kemur til að varðveita heimildir um staðbundna og sérhæfða verkunnáttu, efnisnotkun og byggingarlist þessa iðnaðarhúsnæðis.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við ofangreint deiliskipulag. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllt,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Borgarsögusafn (minjavarsla@reykjavik.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.